# Forritið myMerlin™
# PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING FYRIR FARSÍMAFORRIT

**Dagsetning útgáfu: Maí 2023**

**Abbott** útvegar forritið myMerlin™ („**forritið**") fyrir hjartavaktara frá okkur (þar með talið, þegar við á, Confirm Rx™, Jot Dx™ eða Assert-IQ™ Insertable Cardiac Monitor (**„ICM"**) sem sendir gögn til Merlin.net™ Patient Care Network („**Merlin.net**") (í sameiningu kallað „**þjónustan**") í því skyni að læknirinn þinn eða heilbrigðisstofnunin geti fjarvaktað og forritað hjartavaktarann þinn og veitt þér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. **Pacesetter, Inc.** (fyrirtæki Abbott) útvegar Merlin.net.

Við leggjum okkur fram um að tryggja öryggi persónuupplýsinganna þinna. Þessi yfirlýsing um persónuvernd („**persónuverndaryfirlýsing**") gerir grein fyrir því hvernig við vinnum með persónuupplýsingar þegar þjónustan er veitt og hvaða ráðstöfunum við beitum til að tryggja öryggi persónuupplýsinga. Okkur er ljóst að þessi persónuverndaryfirlýsing inniheldur mikið magn upplýsinga. Við viljum því veita þér stutta og aðgengilega samantekt á því hvernig við vinnum með, verndum, viðhöldum, geymum og birtum persónuupplýsingarnar þínar. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+Um þjónustuna** og **+Öryggi persónuupplýsinga** hér á eftir.

**ÞESSI SAMANTEKT ER EKKI HEILDSTÆÐ. TIL AÐ SKILJA TIL HLÍTAR MEÐ HVAÐA HÆTTI VIÐ VINNUM MEÐ PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞARFTU AÐ LESA VIÐEIGANDI HLUTA Í HEILD.**

Þegar þú setur upp forritið notum við persónuupplýsingar, þ.m.t. fæðingardag þinn og -ár og raðnúmer tækis. Við notum netfangið þitt eða símanúmer til auðkenningar meðan verið er að para hjartavaktarann þinn. Forritið sendir upplýsingar úr tækinu þínu til okkar og ef þú hefur samband við þjónustuver okkar verður búin til sérstök færsla sem tengist beiðni þinni um tæknilega aðstoð. Við notum líka þær persónuupplýsingar sem heilbrigðisstofnunin þín færir inn í Merlin.net. Frekari upplýsingar er að finna í **+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga um þig** og **+Sértæk ákvæði fyrir tiltekin lönd** hér á eftir.

Við notum persónuupplýsingar til að: (1) veita þér þjónustuna; (2) uppfylla kröfur í lögum og reglugerðum, þ.m.t. kröfur tengdar öryggi, gæðum og úrbótum á lækningatækjum; og (3) framkvæma rannsóknir eftir að persónuupplýsingarnar hafa verið gerðar ópersónugreinanlegar, fengið gerviauðkenni, þeim hefur verið safnað upp og/eða þær gerðar nafnlausar, þannig að þær geti ekki vísað til þín með nafni. Við framkvæmum rannsóknir til að öðlast skilning á því hvernig vörur okkar og þjónusta eru notuð og á skilvirkni þeirra og til að afla raungagna. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+Notkun Abbott á persónuupplýsingum, +Lækningatæki og önnur lagaleg skilyrði, +Rannsóknir +Geymsla á persónuupplýsingum** hér á eftir.

Við setjum strangar takmarkanir á það með hverjum við deilum persónuupplýsingum þínum og munum aldrei selja upplýsingarnar til þriðja aðila í viðskiptalegum tilgangi. Við deilum persónuupplýsingum með hlutdeildarfélögum okkar til að greiða fyrir tækniaðstoð við þjónustuna og reglufylgni, til að framkvæma rannsóknir eða til að sinna úrræðaleit/greiningum og ítarlegri greiningum á kerfistengdum vandamálum. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+Birting okkar á persónuupplýsingum** og **+Aðgengi Abbott að persónuupplýsingum þegar fyrirtækið þjónustar þína heilbrigðisstofnun** hér á eftir.

Í þeim tilvikum þar sem staðsetning þín tryggir þér tiltekin réttindi að því er varðar við persónuupplýsingar þínar munum við bregðast við slíkum beiðnum. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga** hér á eftir.

Persónuupplýsingar sem tengjast þjónustunni eru geymdar annaðhvort á netþjónum í Bandaríkjunum eða í svæðisbundinni dreifingu í Evrópu, allt eftir búsetulandi þínu. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+Gagnageymsla** og **+Flutningur persónuupplýsinga yfir landamæri** hér á eftir. Við mælum auk þess með því að þú lesir kaflann **+SÉRTÆK ÁKVÆÐI FYRIR TILTEKIN LÖND** þar sem þar gæti verið að finna viðbótarákvæði sem eiga við í þínu búsetulandi.

Ef þú ert með spurningar um þjónustuna skaltu fyrst hafa samband við heilbrigðisstofnunina þína. Heilbrigðisstofnunin þín er „ábyrgðaraðili" þinna persónuupplýsinga þegar stofnunin veitir þér heilbrigðisþjónustu. Við erum „vinnsluaðili" þinna persónuupplýsinga fyrir hönd stofnunarinnar, þegar við veitum þér og stofnuninni þjónustuna. Ef þú hefur frekari spurningar eða athugasemdir varðandi persónuvernd skaltu hafa samband við okkur á netfangið privacy@abbott.com. Ef þú ert búsett(ur) á Evrópska efnahagssvæðinu getur þú haft samband við gagnaverndarfulltrúa okkar í Evrópu eða gagnaverndaryfirvöld á þínu búsetusvæði. Samskiptaupplýsingar fyrir gagnaverndarfulltrúa Abbott í Evrópu, sem og aðrar gagnlegar samskiptaupplýsingar, er að finna á www.EU-DPO.abbott.com. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum **+Hafa samband** hér á eftir.

Ef gerðar eru efnislegar breytingar á innihaldi þessarar persónuverndaryfirlýsingar munum við tilkynna þér það með tölvupósti eða í forritinu, næst þegar þú notar forritið. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum **+Breytingar á þessari persónuverndaryfirlýsingu** hér á eftir.

™ Gefur til kynna vörumerki Abbott-fyrirtækjasamsteypunnar.

© 2023 Abbott. Allur réttur áskilinn

# myMerlin™
# PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING FYRIR FARSÍMAFORRIT

**Dagsetning útgáfu: Maí 2023**

file:///C/Users/ramoscx30/Downloads/PN%20Full%20for%20Website_June%202023/PN%20Full%20for%20Website_June%202023/ICM_2.0_IS_PN_full.html[10/11/2023 1:23:48 PM]

Pacesetter, Inc. (fyrirtæki í eigu Abbott) útvegar Merlin.net™ heilsufarsgagnagrunninn („**Merlin.net**"). Abbott útvegar farsímaforritið myMerlin™ („**forritið**") (Merlin.net og forritið nefnast sameiginlega „**þjónustan**"). Í þessari persónuverndaryfirlýsingu merkja „**Abbott,**" „**við**", „**okkur**" og „**okkar**" fyrirtækjasamstæðu Abbott, sem hefur höfuðstöðvar sínar í Abbott Park, Illinois, Bandaríkjunum.

Við gerum okkur grein fyrir mikilvægi gagnaverndar og persónuverndar og skuldbindum okkur til að vernda persónuupplýsingar, þ.m.t. heilsufarstengdar upplýsingar. Í þessari persónuverndaryfirlýsingu er því lýst hvernig Abbott safnar persónuupplýsingum og vinnur úr þeim þegar þú notar þjónustuna.

Lestu þessa persónuverndaryfirlýsingu vandlega áður en þú skráir þig sem notanda þessa forrits, enda inniheldur hún upplýsingar um vinnslu, flutning og geymslu Abbott og tiltekinna tengdra fyrirtækja, eins og lýst er hér að neðan, á persónuupplýsingum um þig, þ.m.t. heilsufarstengdum gögnum. Yfirlýsingin gildir einnig um vinnslu persónuupplýsinga þinna hjá hlutdeildarfélögum okkar og hjá vinnsluaðilum okkar ef bregðast þarf við vandamáli vegna þjónustu við viðskiptavini í tengslum við þjónustuna.

Þessi persónuverndaryfirlýsing gildir ekki um persónuupplýsingar sem er unnið úr eða safnað hjá öðrum hlutdeildarfélögum eða dótturfélögum Abbott eða eftir öðrum leiðum, svo sem á öðrum vefsvæðum eða í öðrum þjónustuverum Abbott. Notkun þíns læknis á Merlin.net og aðrar reglur um persónuvernd geta átt við um persónuupplýsingar sem unnið er með eða safnað er með þessum aðferðum.

Með því að skrá þig sem notanda að þessu forriti samþykkir þú þessa persónuverndaryfirlýsingu og:

- staðfestir að þú hafir lögaldur til að samþykkja þessa persónuverndaryfirlýsingu; og
- að þú veitir samþykkið annaðhvort fyrir þína hönd eða fyrir hönd annars einstaklings, að því gefnu að þú hafir staðfesta heimild til að samþykkja þessa persónuverndaryfirlýsingu með lögmætum hætti fyrir hans hönd.

**MEÐ ÞVÍ AÐ STAÐFESTA EÐA SAMÞYKKJA ÞESSA PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU SAMÞYKKIR ÞÚ SÉRSTAKLEGA AÐ NOTKUN ÞÍN Á FORRITINU OG ÞJÓNUSTUNNI FALLI UNDIR ÞESSA PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU OG VINNSLU OG FLUTNING PERSÓNUUPPLÝSINGA, Þ.M.T. HEILSUTENGDRA UPPLÝSINGA, EINS OG ÞEIM ER LÝST Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU. (ÞESSI MÁLSGREIN GILDIR EKKI UM NOTENDUR Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU („EES"), BRETLANDI, („UK") OG SVISS. FREKARI UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Í STAÐBUNDNUM HLUTUM HÉR AÐ NEÐAN).**

**EF ÞESS ER KRAFIST AF LÖGUM BÚSETULANDS ÞÍNS MERKIR ÞAÐ AÐ SMELLA Á „STAÐFESTA" EÐA „SAMÞYKKJA" AÐ ÞÚ VEITIR SKÝRT SAMÞYKKI FYRIR VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGANNA ÞINNA, Þ.M.T. HEILSUTENGDRA UPPLÝSINGA, OG FLUTNINGI PERSÓNUUPPLÝSINGANNA ÞINNA TIL NETÞJÓNA ABBOTT SEM ERU Í BANDARÍKJUNUM.**

**SAMÞYKKI ÞITT ER VEITT AF FÚSUM OG FRJÁLSUM VILJA OG ÞÚ VIÐURKENNIR AÐ ÞÉR BER ENGIN LAGALEG SKYLDA TIL AÐ VEITA ABBOTT PERSÓNUUPPLÝSINGAR.**

## +Um okkur

Abbott er framleiðandi forritsins, Confirm Rx™, Jot Dx™ og Assert-IQ™ ígræðanlegs hjartasírita („**hjartavaktari**").

Pacesetter, Inc. (hlutdeildarfélag St. Jude Medical, LLC og dótturfyrirtæki að öllu leyti í eigu Abbott Laboratories), til heimilis að 15900 Valley View Court, Sylmar, California 91342 í Bandaríkjunum, útvegar Merlin.net.

Heilbrigðisstofnunin þín er ábyrgðaraðili þinna persónuupplýsinga, í þeim tilgangi að veita þér heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisstofnunin þín ber ábyrgð á vinnslu allra slíkra gagna og því að tryggja að meðferð upplýsinga sem sendar eru gegnum þjónustuna sé í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og gagnavernd. Hugtakið „ábyrgðaraðili" er notað samkvæmt skilgreiningu á því hugtaki í gagnaverndarlögum EES, Bretlands og Sviss og hefur, eftir atvikum, sömu merkingu og svipuð hugtök í lögum um gagnavernd og persónuvernd sem gilda í öðrum ríkjum þar sem þú hefur búsetu.

Abbott er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þegar við notum persónuupplýsingar til að: (1) veita þér þjónustuna; (2) uppfylla kröfur í lögum og reglugerðum, þ.m.t. kröfur tengdar öryggi, gæðum og úrbótum á lækningatækjum; og (3) framkvæma rannsóknir eftir að persónuupplýsingarnar hafa verið gerðar ópersónugreinanlegar, fengið gerviauðkenni, þeim hefur verið safnað upp og/eða þær gerðar nafnlausar. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum ***+Notkun Abbott á persónuupplýsingum***.

## +Um þjónustuna

Merlin.net er fjartengt heilsufarsþjónustukerfi sem geymir upplýsingar sem eru sendar úr hjartavaktaranum gegnum þjónustuna.

Með þjónustunni er hægt að senda með sjálfvirkum hætti upplýsingar sem hjartavaktarinn safnar og hlaða þeim upp gegnum forritið í öruggan einkagagnagrunn Abbott. Heilbrigðisstarfsmaður getur opnað Merlin.net og séð hvort breytingar hafi orðið á hjartslættinum og getur breytt stillingum hjartavaktarans með fjartengingu, háð gerð viðkomandi hjartavaktara og staðsetningu þinni. Forritið sendir gögn um hjartsláttinn til þinnar heilbrigðisstofnunar, í samræmi við stillingarnar sem heilbrigðisstofnunin hefur forstillt. Þjónustan hjálpar heilbrigðisstofnuninni að fylgjast með hjartslættinum og/eða aðlaga þína meðferð, án þess að þú þurfir að fara á heilbrigðisstofnunina í eigin persónu.

Hafa verður farsímann tengdan við internet gegnum Wi-Fi eða farsímagögn og forritið þarf að vera í notkun til að heilbrigðisstofnunin geti vaktað hjartsláttargögnin þín um fjartengingu. Áður en þú getur notað þjónustuna verður heilbrigðisstofnunin þín að skrá þig á Merlin.net. Þegar þú hefur slegið inn fæðingardag þinn og raðnúmer hjartavaktarans í forritinu þarftu hugsanlega að nota virkjunarkóða sem þú getur valið að fá sendan til þín í tölvupósti, SMS skilaboðum eða með símtali.

Með reglulegu millibili tengist forritið hjartavaktaranum og sendir upplýsingar um frammistöðu hjartavaktarans. Forritið mun einnig flytja upplýsingar um

hjartslátt þinn til heilbrigðisstofnunarinnar þinnar, sem getur fengið viðvaranir og uppfærslur og skráð sig inn á Merlin.net til að vakta hjartsláttinn hjá þér og aðlaga stillingar á hjartavaktaranum þínum.

## +Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga

Þegar þú notar forritið er unnið úr eftirfarandi flokkum persónuupplýsinga:

- raðnúmeri hjartavaktarans og fæðingardegi þínum;
- netfanginu þínu og/eða símanúmeri, til að við getum sent þér virkjunarkóða;
- upplýsingum um vikudag, mánuð og tímasetningu eru sendar til Merlin.net úr hjartavaktaranum;
- upplýsingum um heiti og gerðarnúmer hjartavaktarans;
- upplýsingum er varða stillingar, færibreytur og greiningargögn hjartavaktarans í því skyni að senda gögn til Merlin.net þar sem heilbrigðisstarfsmaður getur skoðað slík gögn.
- reglubundnum skýrslum sem gera grein fyrir samskiptum hjartavaktarans við forritið og samskiptum forritsins við netþjóna Abbott frá síðustu skýrslu;
- upplýsingum um frammistöðu forritsins, þar á meðal hrunskýrslum; og
- reglubundnum skýrslum sem skrá virkni forritsins frá síðustu viðhaldsskýrslu.

Forritið tengist hjartavaktaranum og sendir gögn úr honum til Merlin.net. Þjónustan sem tengist Merlin.net notar ítarlegar persónuupplýsingar, þar á meðal heilsufarstengd gögn sem heilbrigðisstofnunin færir inn þegar notandasíða þín sem sjúklings er búin til í Merlin.net. Þessar persónuupplýsingar geta m.a. verið símanúmer þitt eða netfang, gerðar- og raðnúmer hjartavaktarans og aðrir valfrjálsir reitir, þar á meðal kyn, kynþáttur, kjörtungumál, klínískar athugasemdir og virkni hjartavaktarans, dagsetningar meðferða og gagnasendinga, upplýsingar um sjúkdóminn þinn, úthlutað númer sjúklings eða annað auðkenni sjúklings. Heilbrigðisstofnunin mun hugsanlega einnig færa inn upplýsingar um neyðartengilið fyrir þig, þar með talið nafn, símanúmer og heimilisfang viðkomandi. Þér er valfrjálst að tilgreina neyðartengilið og til að gera slíkt verður þú að fá heimild neyðartengiliðsins fyrir að láta í té upplýsingar viðkomandi í því skyni að vera neyðartengiliður þinn. Abbott þarf hugsanlega að fá aðgang að þessum persónuupplýsingum til að styðja þjónustuna og viðhalda henni.

## +Notkun heilbrigðisstofnunar á upplýsingum um þig

Heilbrigðisstofnunin safnar persónuupplýsingunum þínum í tengslum við læknismeðferð þína og setur þær inn í Merlin.net. Heilbrigðisstofnunin notar þjónustuna til að fylgjast með ígrædda hjartavaktaranum og hjartslætti þínum. Slíkt veitir heilbrigðisstarfsmönnum upplýsingar sem má nýta til að stilla hjartavaktarann eða biðja þig um að mæta í læknisskoðun.

Heilbrigðisstofnunin vinnur úr persónuupplýsingum frá þér í eftirfarandi tilgangi:

- til að veita læknishjálp, þ.m.t. áframhaldandi læknismeðferð, með því að fylgjast með og aðlaga hjartavaktarann og hjartslætti þínum og gera auðveldara að veita þér læknishjálp;
- til að veita Abbott aðgang að persónuupplýsingunum þínum, í því skyni að veita tæknilega aðstoð vegna þjónustunnar, þ.m.t. tæknilega og klíníska aðstoð, svo sem aðstoð við villukembingu, uppfærslur eða úrræðaleit fyrir þjónustuna eða túlkun gagna; og
- með öðrum hætti, eins og krafist er samkvæmt gildandi lögum.

## Aðgangur Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta

Við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum sem vinnsluaðili fyrir hönd heilbrigðisstofnunarinnar þinnar.  Slík úrvinnsla grundvallast á leiðbeiningum frá þinni heilbrigðisstofnun og fer fram í eftirfarandi tilgangi:

- að veita heilbrigðisstofnuninni þjónustu til að stofnunin geti fylgst með hjartavaktaranum, hjartslætti þínum og sjúkdómseinkennum;
- að veita heilbrigðisstofnuninni tæknilega og klíníska aðstoð, svo sem aðstoð við villukembingu, uppfærslur eða úrræðaleit; eða
- hafi heilbrigðisstofnunin heimild til að fá aðgang að heilsufarsupplýsingunum þínum, til að aðstoða stofnunina við túlkun gagna sem eru send úr hjartavaktaranum.

Við munum hugsanlega veita þinni heilbrigðisstofnun þjónustu frá eftirfarandi stöðum, allt eftir staðsetningu þinni: Svíþjóð; öðrum stöðum í Evrópu, sérstaklega ef við erum með starfsemi í búsetulandi þínu; eða öðrum þjónustumiðstöðvum okkar í Bandaríkjunum, Kosta Ríku og Malasíu. Við munum einnig hugsanlega nota aðra þriðju aðila til að veita heilbrigðisstofnuninni þinni tæknilega eða klíníska aðstoð.  Þegar við notum einhvern þriðja aðila til að veita þinni heilbrigðisstofnun þjónustu gerum við viðeigandi ráðstafanir til að tryggja trúnað, heilleika og öryggi persónuupplýsinga.

Hugtakið „vinnsluaðili“ er notað samkvæmt skilgreiningu á því hugtaki í gagnaverndarlögum EES, Bretlands og Sviss og hefur, eftir atvikum, sömu merkingu og svipuð hugtök í lögum um gagnavernd og persónuvernd sem gilda í öðrum ríkjum þar sem þú hefur búsetu.

## +Notkun Abbott á persónuupplýsingum

Abbott vinnur úr persónuupplýsingum þínum, þar á meðal heilsufarstengdum persónuupplýsingum, sem ábyrgðaraðili gagna, í eftirfarandi tilgangi:

- að veita þér þjónustuna í samræmi við leyfissamning notanda forritsins;
- að halda skrá yfir samskipti þín við Abbott þegar þú hefur milliliðalaus samskipti við Abbott varðandi þjónustuna;
- að veita þinni heilbrigðisstofnun þjónustuna, þ.m.t. tæknilega aðstoð í tengslum við hjartavaktarann;
- í samræmi við gildandi lög um notkun og flokkun lækningatækja, þar á meðal vegna eftirlits með lækningatækjum á eftirmarkaði, gæðastjórnunar, þ.m.t. vöruþróunar og umbóta, öryggis, árangurs og árvekni;
- ef nauðsyn krefur til að setja fram, beita eða verjast dómsmálum; og
- eins og kveðið er á um að öðru leyti í gildandi lögum.

Þegar heilbrigðisstofnunin þín býr til notandasnið fyrir þig í Merlin.net, og þar sem gildandi lög kveða á um það, hefur þú veitt skýrt samþykki þitt fyrir því að Abbott auðkennisbrengli upplýsingar og fái þeim gerviauðkenni, safni þeim saman og/eða geri þær nafnlausar í því skyni að sinna rannsóknum á gögnunum. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum ***+Rannsóknir***.

Fyrir utan áðurnefnda úrvinnslu er Abbott einungis heimilt að nota gögn þín í öðrum tilgangi ef þú hefur veitt Abbott samþykki þitt fyrir slíkri notkun. Frekari upplýsingar um notkun í slíkum tilgangi er að finna í eyðublaði samþykktar fyrir gagnanotkun frá Merlin.

Hugtakið „ábyrgðaraðili“ er notað samkvæmt skilgreiningu á því hugtaki í gagnaverndarlögum EES, Bretlands og Sviss og hefur, eftir atvikum, sömu merkingu og svipuð hugtök í lögum um gagnavernd og persónuvernd sem gilda í öðrum ríkjum þar sem þú hefur búsetu.

## +Gagnageymsla

Við tökum við gögnum sem forritið og hjartavaktarinn senda frá sér áður en slík gögn eru geymd. Persónuupplýsingar eru annað hvort geymdar skrifstofu í Bandaríkjunum eða á svæðisskrifstofu í Evrópu, allt eftir því í hvaða landi viðkomandi heilbrigðisstofnun er. Þegar heilbrigðisstofnunin er í Bandaríkjunum eða í löndum utan EES, Bretlands eða Sviss verða persónuupplýsingar geymdar á netþjónum í Bandaríkjunum. Hvað EES, Bretland og Sviss varðar, verða persónuupplýsingar annað hvort geymdar á svæðisskrifstofu í ESB (ef viðkomandi heilbrigðisstofnun hefur samþykkt að geyma upplýsingarnar) eða á netþjónum í Bandaríkjunum.

Frá og með þriðja ársfjórðungi ársins 2023 mun Abbott nota forritið Microsoft Azure til að hýsa upplýsingar hjartavaktara fyrir heilbrigðisstofnanir í EES, Bretland og Sviss sem hafa valið að geyma persónuupplýsingar á svæðisskrifstofum í ESB. Þar að auki mun forritið senda persónuupplýsingar þínar á netþjóna innan ESB ef viðkomandi heilbrigðisstofnun er í aðildarlandi EES, Sviss eða Bretlandi. Frönsk stofnun um rafræna geymslu heilbrigðisupplýsinga sem kallast „Agence du Numérique Santé“, hefur vottað notkun franskra notenda á Microsoft Azure. Persónuupplýsingar sem sendar eru til Merlin.net kunna að vera í hýstar í landinu sem er næst landi viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða á annan hátt í samræmi við gildandi kröfum um geymslu gagna og gagnavernd í landinu þar sem heilbrigðisstofnunin er.

Í tilvikum þegar persónuupplýsingar þínar eru sendar og hýstar á netþjónum Merlin.net í öðru landi en landinu þar sem heilbrigðisstofnun þín er staðsett eða dvalarlandi þínu, kunna upplýsingarnar að falla undir lög hýsingarlandsins, sem kunna að vera frábrugðin landslögum þar sem heilbrigðisstofnunin er eða í dvalarlandi þínu. Abbot hefur innleitt viðeigandi öryggisráðstafanir og stjórntæki til að vernda persónuupplýsingar þínar. Hafðu samband við heilbrigðisstofnun þína til að fá frekari upplýsingar um staðsetningar netþjóna okkar í heiminum og hvaða netþjónum persónuupplýsingar þínar verða vistaðar, þ.m.t. heilbrigðisupplýsingar.

Sjá einnig ***+Öryggi persónuupplýsinga*** og ***+Flutningur persónuupplýsinga yfir landamæri***.

## +Lækningatæki og önnur lagaskilyrði

Abbott mun hugsanlega nota persónuupplýsingar þar sem þess er krafist samkvæmt lögum og mun, hvenær sem þess er kostur, auðkennisbrengla og fá upplýsingum gerviauðkenni, safna þeim saman og/eða gera þær nafnlausar, til að uppfylla lagalegar skuldbindingar okkar sem framleiðandi lækningatækja. Þessar upplýsingar eru í öruggri vörslu Abbott og verða ekki notaðar til að auðkenna þig sérstaklega með nafni eða netfangi, nema þar sem okkur ber lagaleg skylda til að láta slíkar upplýsingar koma fram. Í þeim tilvikum sem slík notkun persónuupplýsinga fellur undir lagaskilyrði förum við ekki fram á samþykki.

Abbott mun nota upplýsingarnar til að mæta eftirfarandi lagaskilyrðum:

- að tryggja viðvarandi öryggi hjartavaktarans og hvers konar þróun tækisins;
- að fylgjast með og bæta gæði, öryggi og virkni lækningatækja og -kerfa;
- að sannvotta uppfærslur, og tryggja áframhaldandi öryggi fyrir Merlin.net og/eða tengd farsímaforrit;
- að sinna víðtækri greiningu í því skyni að greina kerfislæg vandamál með tilliti til almannahagsmuna á sviði lýðheilsu.
- að rannsaka, þróa og prófa lækningatæki, þ.m.t. nýja og núverandi eiginleika og virkni, og prófa og bæta Merlin.net og/eða tengd farsímaforrit með hliðsjón af vöruþróun; og
- ef lög kveða á um annað, meðal annars til að bregðast við tilmælum frá hvers konar til þess bærum löggæsluaðilum, stjórnvöldum, til að bregðast við ógnunum við þjóðaröryggi eða farsóttum, dómsmálum, dómsúrskurði, beiðni stjórnvalda eða málarekstri sem höfðaður er á hendur okkur, eða til að vernda öryggi, réttindi eða eignir viðskiptavina okkar, almennings, Abbott eða annarra, og til að framfylgja, kjölfesta eða verja lagalegan rétt Abbott eða, ef við teljum það nauðsynlegt, til að rannsaka, koma í veg fyrir eða grípa til aðgerða vegna ólögmætra athafna, gruns um svik eða aðstæðna sem hugsanlega ógna öryggi einstaklinga, brota á þessari persónuverndaryfirlýsingu, eða sem gögn í málssókn sem við erum viðriðin.

Við notum hugtökin „að auðkennisbrengla“ og „að nota gerviauðkenni“ jöfnum höndum. Í lögum um ábyrgð og flutning heilbrigðistrygginga í Bandaríkjunum (HIPAA) er auðkennisbrengluðum upplýsingum lýst sem upplýsingum þar sem *„engin raunhæf ástæða er til að ætla að hægt sé að nota upplýsingarnar til að auðkenna einstakling“*. Almenn persónuverndarreglugerð ESB (2016/679) (GDPR) skilgreinir „notkun gerviauðkenna“ sem svo: *„þegar unnið er með persónuupplýsingar á þann hátt að ekki sé lengur hægt að rekja þær til tiltekins skráðs einstaklings án viðbótarupplýsinga“*. Nafnlaus gögn eru upplýsingar sem tengjast ekki einstaklingi og sem ekki er hægt að bera kennsl á og slík gögn falla yfirleitt utan gagnaverndar- og persónuverndarlaga.

Frekari upplýsingar um GDPR er að finna í kaflanum **+Evrópska efnahagssvæðið, Bretland, Cayman-eyjar, Sviss og Taíland** hér á eftir.

## +Rannsóknir

Þegar krafa um slíkt er til staðar í gildandi lögum fær Abbott yfirlýst samþykki þitt til að auðkennisbrengla eða nota gerviauðkenni, safna saman og/eða gera persónuupplýsingar þínar nafnlausar, í því skyni að stunda rannsóknir í afmörkuðum tilgangi.

Ef gagnasafn er notað í rannsóknarskyni innihalda gögnin ekki nafn, heimilisfang, símanúmer eða netfang. Við gerum ráðstafanir til að tryggja að enginn raunhæfur grundvöllur sé fyrir því að nota auðkennisbrengluð gögn eða gögn með gerviauðkenni til að bera kennsl á þig. Upplýsingar sem notaðar eru við rannsóknir geta m.a. verið gerðar- og raðnúmer hjartavaktarans, tímabil milli ígræðsludags og síðari vitjunardaga, ígræðsludagur og lýðfræðilegar upplýsingar, svo sem búsetustaður og aldur.

Við framkvæmum rannsóknir þar sem við notum þess konar auðkennisbrengluð gögn eða gögn með gerviauðkenni, eða uppsöfnuð, tölfræðileg og/eða nafnlaus gögn í eftirfarandi tilgangi:

- að auka gæði, öryggi og skilvirkni hjartameðferðar- og lækningatækja okkar og -kerfa og greiða fyrir þróun hugvitssamlegra og skilvirkra meðferða á hjartakvillum, í þágu lýðheilsu;
- til að sinna rannsóknum, til að safna og greina tölfræðileg gögn og til að senda rannsóknaraðilum á vegum þriðju aðila, heilbrigðisstofnunum eða heilbrigðisstarfsmönnum eða lýðheilsuyfirvöldum;
- að meta skilvirkni þjónustunnar og hvernig hún er veitt og notuð;
- að staðfesta virkni og uppfærslur þjónustunnar, þ.m.t. að fylgjast með og bæta öryggi og áreiðanleika slíkrar þjónustu;
- að rannsaka, þróa og prófa lækningatæki, þ.m.t. nýja og núverandi eiginleika og virkni, og til að prófa og bæta þjónustuna og lækningatækin okkar til vöruþróunar, gagnagreiningar, tölfræðilegrar greiningar og könnunar; og
- í þágu almannahagsmuna á sviði lýðheilsu, þ.m.t. þegar þjónustan og lækningatækin eru endurgreiðsluhæf eða falla að öðru leyti undir almannatryggingar, sjúkratryggingar eða aðrar opinberar fjárveitingar.

Ef þú hefur verið beðin(n) um að veita samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna geturðu dregið samþykki þitt til baka hvenær sem er með því að hafa samband við okkur. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslunnar á grundvelli samþykkis þíns fram að afturkölluninni. Hafðu einnig í huga að þegar þú dregur samþykki þitt til baka mun Abbott aðeins hætta að vinna úr persónuupplýsingum þínum sem tengjast afturköllun samþykkis. Abbott vinnur eftir sem áður úr persónuupplýsingum þegar fyrirtækinu er skylt að gera slíkt samkvæmt samningi við heilbrigðisstofnun þína eða öðrum lagaskilyrðum, eins og kemur fram í hlutanum ***+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði.***

Ef þú færð beiðni um að taka þátt í klínískri rannsókn, og þar sem gildandi lög krefjast þess, verður þú beðin(n) að veita sértækt upplýst samþykki á vefsvæði rannsóknarinnar áður en þú tekur þátt í einhverri slíkri rannsókn og þátttaka þín er algerlega valfrjáls. Rannsóknirnar í þessum kafla tengjast ekki þátttöku í klínískri rannsókn. Frekari upplýsingar um HIPAA er að finna í hlutanum **+USA** hér á eftir. Frekari upplýsingar um GDPR er að finna í kaflanum **+Evrópska efnahagssvæðið, Bretland, Cayman-eyjar, Sviss og Taíland** hér á eftir.

## +Varðveisla persónuupplýsinga

Upplýsingar sem safnað er úr hjartavaktaranum þínum verða geymdar í að hámarki sjö (7) ár frá síðustu sendingu þinni (þ.e. frá síðustu notkun þinni á hjartavaktaranum og/eða forritinu), að því undanskildu sem krafist kann að vera í lögum.

Í kaflanum ***+Að eyða upplýsingunum þínum úr Merlin.net*** er skýrt hvernig þú getur beðið heilbrigðisstofnunina þína að eyða upplýsingum um þig úr Merlin.net-heilsufarsgagnagrunninum.

## +Birting okkar á persónuupplýsingum

Við munum hugsanlega deila persónuupplýsingunum þínum með eftirfarandi hætti:

- Við deilum persónuupplýsingum með þriðju aðila birgjum í þeim eina tilgangi að veita, viðhalda, hýsa og styðja þjónustuna. Abbott kann að nota Microsoft Azure til að taka við gögnum frá hjartavaktaranum þegar þú notar þjónustuna, en slíkt fer eftir staðsetningu viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Ef við sendum þriðju aðila birgjum persónuupplýsingar til að auðvelda okkur að veita þjónustuna er þeim skylt að halda trúnað um og tryggja öryggi þinna persónuupplýsinga og nota slíkar upplýsingar aðeins eins og nauðsyn krefur.

- Þegar þess er kostur notar Abbott þjónustuveitur þriðju aðila til að tilkynna kerfisvillur, svo að við getum stutt við og bætt þjónustuna, og í slíkum tilvikum munu upplýsingar sem sendar eru til slíkra þriðju aðila ekki fela í sér notkun á persónuupplýsingum.

- Android gerir kröfu um heimildir fyrir staðsetningarþjónustu til að hægt sé að tengja forrit við Bluetooth®[1]-tæki. Staðsetningarþjónusta Google inniheldur eiginleika sem safna nákvæmum staðsetningargögnum notanda, þar á meðal GPS-merki, skynjurum tækis, Wi-Fi-aðgangsstöðum og auðkennum farsímasenda. Ef notandi veitir aðgang að sinni staðsetningu mun Google safna þessum upplýsingum. Frekari upplýsingar um persónuverndarstefnu Google varðandi þessi gögn er að finna á þjónustuvefsvæði Android. Við munum ekki nota persónuupplýsingar sem þú veitir

í tengslum við staðsetningarþjónustu Google á neinn hátt.

- Við munum ekki selja persónuupplýsingar þínar eða veita leyfi fyrir notkun þeirra til þriðju aðila nema í tengslum við sölu, samruna eða flutning á vörulínu eða deild, til að kaupandinn geti haldið áfram að veita þér þjónustuna. Til að eyða öllum vafa munum við aldrei selja persónuupplýsingar þínar þriðju aðilum í viðskiptalegum tilgangi.
- Við munum hugsanlega deila auðkennisbrengluðum upplýsingum eða með gerviauðkenni, uppsöfnuðum og/eða nafnlausum upplýsingum með hlutdeildarfélögum okkar, heilbrigðisstofnuninni þinni, óháðum rannsóknaraðilum og innlendum heilbrigðisyfirvöldum eða vátryggjendum til að sýna fram á skilvirkni þjónustunnar eða eins og krafist er vegna endurgreiðslu á heilbrigðisþjónustu. Þessar upplýsingar verða ekki notaðar til að auðkenna þig sérstaklega.
- Við áskiljum okkur rétt til að birta persónuupplýsingar þínar til að svara viðurkenndum beiðnum yfirvalda um upplýsingar, til að bregðast við aðstæðum sem varða þjóðaröryggi eða þegar lög kveða á um slíkt með öðrum hætti. Þar sem það er leyfilegt eða lög kveða á um það munum við hugsanlega enn fremur birta upplýsingar sem við söfnum frá þér þegar við teljum nauðsynlegt að rannsaka, koma í veg fyrir eða grípa til aðgerða varðandi ólöglegra starfsemi, grun um svik, aðstæður sem fela í sér hugsanlega ógn við öryggi einstaklinga, brot á ákvæðum þessarar persónuverndaryfirlýsingar eða sem sönnunargagn í málssókn sem við eigum hlut að. Persónuupplýsingarnar þínar kunna að falla undir erlend lög og geta orðið aðgengilegar erlendum stjórnvöldum, dómstólum, löggæsluyfirvöldum og eftirlitsstofnunum.

## +Öryggi persónuupplýsinga

Abbott hefur innleitt viðeigandi öryggisráðstafanir innan þjónustunnar til að vernda persónuupplýsingar þínar gegn óviljandi eða ólöglegri eyðingu eða að þær tapist fyrir slysni, að þeim sé breytt, að þær verði birtar eða að þeim veittur aðgangur.

Upplýsingar sem berast frá hjartavaktaranum eru dulkóðaðar fyrir sendingu til að tryggja að þær séu öruggar og farið með þær sem trúnaðarmál. Þjónustan felur í sér ýmsar öryggisráðstafanir til að auka öryggi notandalýsingar þinnar og til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að eða birtingu persónuupplýsinga þinna. Aðeins aðilar með leyfi frá þinni heilbrigðisstofnun, þar með talið starfsfólk stofnunarinnar, hafa aðgang að notandasniði þínu sem sjúklings og þá aðeins með einkvæmum skilríkjum og lykilorðum. Abbott hefur innleitt ýmsar öryggis- og aðgangsstýringar til að tryggja að einungis einstaklingar sem hafa heimild í kerfum Abbott geti fengið aðgang að gögnum með gerviauðkenni, uppsöfnuðum og auðkennisbrengluðum gögnum.

Við notum Bluetooth®[1] 4.0-tækni eða nýrri til að senda mismunandi persónuupplýsingar milli lækningatækja og iOS- eða Android-tækja. Allar upplýsingar sem tengjast mælingum og sóttar eru úr hjartavaktaranum eru sendar með Bluetooth-tækni.

Hafðu í huga að þjónustan verður hugsanlega ótiltæk á meðan reglubundið viðhald á sér stað.

## +Flutningur persónuupplýsinga yfir landamæri

Upplýsingar sem er safnað í gegnum þjónustuna kunna að vera fluttar til og geymdar í Bandaríkjunum, en slíkt fer eftir staðsetningu læknastofunnar sem þú sækir. Gagnaverndarlög Bandaríkjanna tryggja hugsanlega ekki vernd persónuupplýsinga á sambærilegan hátt við persónuverndarlög á Evrópska efnahagssvæðinu, Bretlandi, Sviss eða þínu búsetulandi. Í tilvikum þegar þú ert innan EES, í Bretlandi eða Sviss og gögnin þín eru geymd í Bandaríkjunum, munu Abbott og heilbrigðisstofnun þín fylgja stöðluðum og föstum samningsákvæðum innan ESB og viðauka varðandi flutninga á alþjóðavísu í Bretlandi. Beðið um að þú samþykkir sérstaklega að persónuupplýsingar um þig séu fluttar til netþjóna Abbott í Bandaríkjunum.

Ef þú hefur beint samband við okkur og óskar eftir tæknilegri aðstoð verða persónuupplýsingar þínar (þ.m.t. heilsufarstengd gögn) hugsanlega aðgengilegar fjarþjónustuaðilum okkar í Bandaríkjunum, Svíþjóð (eða öðrum stöðum innan Evrópu), Kosta Ríku og/eða Malasíu. Gagnaflutningar innan fyrirtækis hjá Abbott falla undir gagnaflutningssamning þar sem kveðið er á um fullnægjandi verndarráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar.

Þú ættir einnig að kynna þér hlutann um gildandi **+SÉRÁKVÆÐI FYRIR TILTEKIN LÖND** til að fá frekari upplýsingar um ákvæði sem eiga við um flutninga á alþjóðavísu í dvalarlandi þínu.

**MEÐ ÞVÍ AÐ NOTA ÞETTA FORRIT OG STAÐFESTA ÞESSA PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU OG SAMÞYKKI UPPLÝSUM VIÐ ÞIG UM ÞESSA FLUTNINGA Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM TIL BANDARÍKJANNA, SVÍÞJÓÐAR (EÐA ANNARRA STAÐA INNAN EVRÓPU) KOSTA RÍKU OG/EÐA MALASÍU OG UM AÐGANG AÐ PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM, ÞAR Á MEÐAL HEILSUFARSTENGDUM UPPLÝSINGUM, SEM KUNNA AÐ VERA NAUÐSYNLEGAR Í UNDANTEKNINGARTILVIKUM TIL AÐ BREGÐAST VIÐ ÞEIM ÞJÓNUSTUBEIÐNUM SEM ÞÚ EÐA LÆKNIRINN ÞINN SETUR FRAM. ÞESSI LÖND TRYGGJA HUGSANLEGA EKKI SAMBÆRILEGA VERND FYRIR PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR OG TRYGGT ER Í GAGNAVERNDAR- EÐA PERSÓNUVERNDARLÖGUM ÞÍNS BÚSETULANDS.**

## +Hvernig Abbott sendir markaðsefni og annað efni

Við sendum þér ekki vísvitandi auglýsingar eða markaðstengdar upplýsingar nema þú hafir valið að fá slíkar tilkynningar frá okkur í tengslum við aðrar vörur okkar og þjónustu.

Hvorki Abbott né hlutdeildarfélög þess eða leyfisveitendur munu vísvitandi senda börnum auglýsingar eða markaðstengdar upplýsingar.

Við seljum ekki þriðju aðilum persónuupplýsingarnar þínar til notkunar við beina markaðssetningu.

Hafðu í huga að við munum hugsanlega senda þér upplýsingar ótengdar markaðssetningu um nauðsynlegar uppfærslur á forritinu og þjónustunni eða upplýsingar sem tengjast vöruöryggi.

## +Hvernig Abbott verndar friðhelgi barna

Hægt er að skrá börn í Merlin.net hjá heilbrigðisstofnun. Foreldri/forráðamaður getur hvenær sem er stöðvað söfnun persónuupplýsinga barns, þar á meðal heilsufarstengdra upplýsinga, með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina og óska eftir því að reikningnum verði eytt. Þessi aðgerð mun eyða reikningi á Merlin.net sem tengist barninu en við munum geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenglaðar upplýsingar og gætum þurft að geyma persónulegar upplýsingar í samræmi við ákvæði í lögum.

## +Hvernig einstakir notendur fá aðgang að og geta leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi þín

Til að nýta þér gagnaverndarréttindi eða réttindi tengd persónuvernd skaltu hafa samband við heilbrigðisstofnunina hið fyrsta. Ekki er hægt að leiðrétta eða breyta neinum upplýsingum úr hjartavaktaranum sem hefur verið hlaðið upp.

Með hliðsjón af búsetustað þínum kanntu að eiga rétt á að: (a) fá aðgang að persónuupplýsingum sem við geymum um þig; (b) óska eftir því að við leiðréttum ónákvæmar persónuupplýsingar sem við geymum um þig; (c) eyða persónuupplýsingum sem við geymum um þig; (d) takmarka úrvinnslu persónuupplýsinga sem við geymum um þig; (e) mótmæla úrvinnslu persónuupplýsinga sem við geymum um þig; og/eða (f) fá afhentar persónuupplýsingar sem þú hefur veitt okkur á grundvelli samþykkis þíns, á skipulegu sniði sem er læsilegt algengum tölvubúnaði, eða fá þær sendar til annars fyrirtækis. Athugaðu að Abbott er ekki skylt samkvæmt lögum að taka í notkun eða viðhalda kerfum sem eru tæknilega samhæf við önnur fyrirtæki. Ekki er víst að Abbott geti sent persónuupplýsingar þínar beint til annars fyrirtækis.

Börn geta einnig átt rétt á að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem eru geymdar um þau. Þegar við fáum beiðni um aðgang að persónuupplýsingum barns frá foreldri/forráðamanni barnsins gætum við svarað foreldri/forráðamanni barnsins beint eða mælt með því að viðkomandi hafi samband við lækni eða læknastofu barnsins. Við munum ávallt leitast við að staðfesta auðkenni þess sem óskar eftir aðgangi að upplýsingum um barn, hvort sem slík beiðni berst frá barninu sjálfu eða foreldri þess eða forráðamanni.

Til að óska eftir því að nýta þessi réttindi skaltu hafa samband við heilbrigðisstofnunina sem fyrsta viðbragðsaðila, enda er heilbrigðisstofnunin ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna í þeim tilgangi að veita þér læknishjálp. Þú getur haft samband við okkur í þeim tilvikum þar sem við erum ábyrgðaraðili persónuupplýsinganna þinna eftir einhverjum samskiptaleiðanna sem tilgreindar eru í kaflanum ***+Hafa samband***.

## +Eyðing upplýsinganna þinna af Merlin.net

Ef þú hefur fengið ígræddan hjartavaktara getur heilbrigðisstofnunin aðeins fylgst með starfsemi tækisins gegnum Merlin.net. Þegar þú vilt ekki skrá þig á Merlin.net getur viðkomandi heilbrigðisstofnun ekki fylgst með sjúkdómsástandi þínu eins og skyldi né breytt stillingum hjartavaktarans og slíkt kann að hafa áhrif á meðferðina.

Ef þú vilt að upplýsingum um þig verði eytt af Merlin.net geturðu haft samband við heilbrigðisstofnunina. Ef þú óskar eftir því að upplýsingum um þig verði eytt úr Merlin.net og ert enn með hjartavaktara ígræddan mun heilbrigðisstofnunin þín ekki geta haft eftirlit með hjartslætti þínum um fjartengingu. Hafðu í huga að ef heilbrigðisstofnunin þín eyðir upplýsingum um þig úr Merlin.net munum við eftir sem áður geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenglaðar upplýsingar og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum samkvæmt gildandi lögum.

## +Hafa samband

Ef þú hefur einhverjar spurningar, athugasemdir eða kvartanir varðandi vinnslu á persónuupplýsingum þínum í þeim tilgangi að veita þér læknishjálp eða vilt nýta þér rétt þinn til gagnaverndar skaltu hafa beint samband við þína heilbrigðisstofnun.

Ef þú hefur spurningar, athugasemdir eða kvartanir vegna persónuverndarreglna okkar skaltu hafa samband við okkur með því að smella á tengilinn „Hafa samband" á einu af vefsvæðum okkar eða senda okkur tölvupóst á privacy@abbott.com. Einnig getur þú skrifað okkur á:

Attn: Privacy Officer, Abbott, One St. Jude Medical Drive, St. Paul, MN 55117, USA

Aðrar samskiptaupplýsingar fyrir notendur innan EES, Bretlands og Sviss er að finna hér á eftir.

Fyrir notendur í Brasilíu: Ef þú hefur spurningar, athugasemdir eða kvartanir um persónuverndarvenjur okkar, eða ef þú vilt nýta þér réttindi þín sem koma fram í kaflanum **+Hvernig einstakir notendur fá aðgang að og geta leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi þín** skaltu hafa samband við okkur með því að smella á tengilinn „Hafa samband" á einu af vefsvæðum okkar eða senda tölvupóst á gagnaverndarfulltrúa (DPO) okkar, Juliana Ruggiero, á netfangið privacybrasil@abbott.com. Einnig getur þú skrifað okkur á:

Attn: Juliana Ruggiero Privacy Officer
Laboratórios do Brasil Ltda.
Rua Michigan 735, São Paulo/SP
CEP: 04566-905

Í öllum samskiptum við okkur biðjum við þig um að láta fylgja með netfangið sem notað var við skráningu þína í forritið, sem og ítarlega skýringu á beiðni þinni.

## +Breytingar á þessari persónuverndaryfirlýsingu

Þessi persónuverndaryfirlýsing er endurskoðuð með reglulegu millibili. Ef við gerum efnislegar breytingar á persónuverndarvenjum okkar mun uppfærð útgáfa þessarar persónuverndaryfirlýsingar endurspegla þær breytingar. Þér verða tilkynntar uppfærslur á þessari persónuverndaryfirlýsingu með tölvupósti eða í forritinu þegar þú notar það næst.

Við áskiljum okkur rétt til að uppfæra og breyta þessari persónuverndaryfirlýsingu fyrirvaralaust svo að hún endurspegli tækniframfarir, breytingar á lögum og reglugerðum og góða viðskiptahætti, að því marki sem slíkt skerðir ekki persónuvernd eins og tilgreint er í þessari persónuverndaryfirlýsingu. Slíkar breytingar hafa ekki áhrif á réttindi þín samkvæmt gildandi lögum.

## +SÉRÁKVÆÐI UM LÖND

**+Alsír, Armenía, Síle, Dóminíska lýðveldið, Kólumbía, Líbýa, Marokkó, Pakistan, Panama, Paragvæ, Sádi-Arabía, Trínidad og Tóbagó og Túnis**

Til að Abbott geti unnið úr persónuupplýsingum þínum almennt þarf samþykki þitt að liggja fyrir. Með því að samþykkja skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar telstu hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingunum þínum eins og lýst er hér. Ef þú vilt **eyða Merlin.net-reikningnum þínum** geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina þína. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og ópersónugreinanlegum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina.

**+Argentína**

Stofnun um aðgang að upplýsingum til almennings hefur, sem eftirlitsaðili samkvæmt lögum nr. 25.326, lögsögu yfir öllum ákærum og kvörtunum þeirra sem verða fyrir brotum á gildandi reglugerðum sem vísað er til og varða vernd persónuupplýsinga.

**+Ástralía**

Ef þú vilt leggja fram kvörtun vegna brots á persónuverndarlögum, áströlsku persónuverndarreglunum („APPs“) eða persónuverndarreglum sem eiga við um okkur, eða ef þú hefur einhverjar spurningar eða vilt koma einhverju á framfæri varðandi persónuverndaryfirlýsingu okkar eða hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar, skaltu hafa samband við okkur með því að nota upplýsingarnar hér að ofan og við munum gera viðeigandi ráðstafanir til að kanna málið og svara þér.
Ef þú ert ekki sátt(ur) við svör okkar að þessu ferli loknu geturðu sent kvörtun til skrifstofu upplýsingafulltrúans. Sjá http://www.oaic.gov.au/privacy/privacy-complaints til að nálgast viðeigandi kvörtunareyðublöð eða hafa samband við skrifstofu upplýsingafulltrúa.

Við erum ekki líkleg til að birta persónuupplýsingar þínar erlendis nema að því marki sem slíkt er heimilt samkvæmt lögunum *Privacy Act 1988* (Cth), nema við tilkynnum þér annað skriflega. Við munum hugsanlega flytja persónuupplýsingarnar þínar til Bandaríkjanna. Þú samþykkir slíka birtingu og samþykkir að með því að veita slíkt samþykki skuli regla 8.1 í APPs ekki eiga við lengur og við þurfum því ekki að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að viðtakandi erlendis brjóti ekki gegn APPs í tengslum við þær upplýsingar.

**+ Aserbaídsjan**

**UM LEIÐ OG ÞÚ SMELLIR Á „SAMÞYKKJA“ EÐA „SAMÞYKKI“ SAMÞYKKIR ÞÚ FLUTNINGA YFIR LANDAMÆRI Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM, Þ.M.T. HEILSUFARSUPPLÝSINGUM ÞÍNUM (SEM SÉRSTAKAN FLOKK PERSÓNUUPPLÝSINGA) Í ÞEIM TILGANGI SEM LÝST ER Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU**.

Fyrir notendur undir 18 ára aldri verður foreldri eða forráðamaður að veita samþykki.

Þegar varðveislutímabilinu sem lýst er í hlutanum **+Varðveisla persónuupplýsinga** lýkur, verður persónuupplýsingum þínum annað hvort eytt eða þær safnvistaðar samkvæmt gildandi gagnaverndarlögum.

Fyrir utan rétt þinn samkvæmt hlutanum +**Hvernig einstakir notendur fá aðgang að og geta leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi þín**, hefur þú einnig kost á að afturkalla samþykki þitt hvenær sem er eða leggja fram skrifleg andmæli við úrvinnslu persónuupplýsinga þinna með því að hafa samband við heilbrigðisstofnun þína. Í tilvikum þegar þú afturkallar samþykki eða leggur fram skrifleg andmæli verður söfnun og úrvinnsla á persónuupplýsingum þínum hætt og Abbott mun halda eftir ópersónugreinanlegum/nafnlausum upplýsinga. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina.

**+Belarús**

Um leið og þú smellir á „samþykkja“ eða „samþykki“ veitir þú skýrt samþykki fyrir söfnun, úrvinnslu, notkun, geymslu og sendingu persónuupplýsinga, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga þinna til þriðja aðila (eða gera upplýsingarnar tiltækar á annan hátt, þ.m.t. með flutningi þeirra yfir landamæri).

**+ Bosnía og Hersegóvína og Svartfjallaland**

Ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna vegna læknismeðferðar er læknirinn/heilbrigðisstofnunin. Pacesetter, Inc. (hlutdeildarfélag St. Jude Medical, LLC og dótturfyrirtæki að öllu leyti í eigu Abbott Laboratories), til heimilis að 15900 Valley View Court, Sylmar, California 91342 í Bandaríkjunum er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga og (1) útvegar þér þessu forriti; (2) uppfylla kröfur í lögum og reglugerðum, þ.m.t. kröfur tengdar öryggi, gæðum og úrbótum á lækningatækjum; og (3) framkvæma rannsóknir eftir að persónuupplýsingarnar hafa verið gerðar ópersónugreinanlegar, fengið gerviauðkenni, þeim hefur verið safnað upp og/eða þær gerðar nafnlausar, þannig að þær geti ekki vísað til þín með nafni. Abbott sinnir rannsóknum til að greina hvernig vörur okkar og þjónusta eru notaðar, til að mæla afköst þeirra og skilvirkni, til að bæta seinni tíma vörur og í tengslum við raunrannsóknir.

**+Brasilía**

Ef þessi persónuverndaryfirlýsing verður uppfærð og það þarf að endurnýja samþykki þitt verður þér tilkynnt það í gegnum þær samskiptaleiðir sem þú hefur látið okkur í té.

**Samþykki:** Til að hægt sé að vinna með heilsufarstengdar persónuupplýsingar um þig **þarft þú að veita Abbott yfirlýst samþykki** fyrir notkun forritanna. **Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki þitt** með því að hafa samband við okkur á privacy@abbott.com.

**Lagagrundvöllur fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum:** Abbott vinnur úr upplýsingum þínum á grundvelli eftirfarandi lagalegra þátta, eins og fram kemur í *Lei Geral de Proteção de Dados* (LGPD):

- Samþykki fyrir vinnslu heilsufarstengdra upplýsinga þegar þú stofnar aðgang að forritinu í því skyni að geyma upplýsingar sem tengjast þjónustunni;
- Samþykki fyrir vinnslu heilsufarstengdra upplýsinga þegar þú hefur samband við þjónustuver okkar, ef nauðsyn krefur, til að við getum svarað spurningum þínum eða beiðni þinni um aðstoð, t.d. vegna úrræðaleitar eða þegar nauðsynlegt reynist að deila upplýsingum þínum með þriðju aðila vinnsluaðilum okkar til að leysa úr þjónustuvandamálum.
- Samþykki þegar þú deilir greiningar-/úrræðaleitargögnum (þ.m.t. heilsufarstengdum gögnum) með okkur úr fartæki gegnum forritið, ef nauðsyn krefur, til að gera okkur kleift að bregðast við beiðni þinni um aðstoð, t.d. við greiningu og úrræðaleit vegna frammistöðutengdra vandamála.
- Samþykki þegar þú deilir persónuupplýsingum þínum, þar á meðal heilsufarstengdum upplýsingum, með þriðju aðilum sem við eigum samstarf við.
- Lögmætir viðskiptahagsmunir Abbott og samþykki fyrirtækisins þegar við auðkennisbrenglum, notum gerviauðkenni og söfnum upp upplýsingum og/eða gerum upplýsingar nafnlausar til að öðlast betri skilning á notkun þinni á þjónustunni og samskiptum við hana.

**Réttindi þín:** Ef þú vilt nýta þér einhvern rétt þinn sem kemur fram í hlutanum sem heitir **+Hvernig einstakir notendur geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi þín** og hafa samband við okkur með tölvupósti skaltu titla efnislínu tölvupóstsins þíns í samræmi við það (til dæmis „Beiðni um leiðréttingu“ eða „Beiðni um aðgang“ eða annan rétt eins og við á í efnislínu tölvupóstsins.) Við munum gera okkar besta til að svara öllum beiðnum tímanlega, eða í það minnsta í samræmi við gildandi lagakröfur. Þú hefur heimild til að leggja fram kvörtun til gagnaverndaryfirvalda á staðnum ef þú ert ósátt(ur) við vinnslu Abbott á persónuupplýsingunum þínum.

**+Evrópska efnahagssvæðið, Bretland, Cayman-eyjar, Sviss og Taíland**

Við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum sem vinnsluaðili þegar við veitum lækni þínum eða heilbrigðisstofnun þjónustu og höfum hugsanlega aðgang að heilsufarsgögnunum þínum, í þeim tilgangi að veita lækninum þínum eða heilbrigðisstofnuninni tæknilega aðstoð og þjónustu við viðskiptavini.

**Lagagrundvöllur fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum:** Abbott vinnur úr persónuupplýsingum þínum, þar á meðal heilsufarstengdum upplýsingum, sem ábyrgðaraðili gagna á eftirfarandi lagagrundvelli, eins og fram kemur í almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR):

- að því marki sem nauðsynlegt er til að aðstoða heilbrigðisstofnunina þína við sjúkdómsgreiningu, samkvæmt samningi okkar við stofnunina svo sem nauðsynlegt er til að framfylgja samningi um að útvega þér forritið í samræmi við leyfissamning notanda;
- með samþykki þínu og, að því marki sem nauðsynlegt er til að framfylgja samningi (leyfissamningi notanda), til að halda skrá yfir samskipti þín við Abbott þegar þú hefur beint samband við okkur; og
- að því marki sem nauðsynlegt er til að veita heilbrigðisstofnun þinni þjónustuna í samræmi við samning okkar við stofnunina, þ.m.t. aðstoð við viðskiptavini;
- að því marki sem nauðsynlegt er til að veita heilbrigðisstofnun þinni þjónustuna í samræmi við samning okkar við stofnunina og af ástæðum sem varða almannahagsmuni á sviði lýðheilsu og kveðið er á um í lögum ESB eða landsbundnum lögum um notkun og flokkun lækningatækja, þ.m.t. vegna eftirlits með lækningatækjum eftir markaðssetningu, gæðastjórnunar, þ.m.t. vöruþróunar og umbóta, öryggis, árangurs og árvekni;
- að því marki sem nauðsynlegt er til að koma á fót, beita eða verjast dómsmálum; og
- að öðru leyti svo sem nauðsynlegt er vegna verulegra almannahagsmuna, sem krafist er samkvæmt gildandi lögum.

Þegar viðkomandi heilbrigðisstofnun stofnaði sjúklingasnið fyrir þig í Merlin.net veittir þú Abbott skýrt samþykki til að ópersónugreina, auðkennisbrengla, safna saman og/eða gera persónuupplýsingar þínar nafnlausar, þ.m.t. flytja slíkar upplýsingar til Abbott í Bandaríkjunum í rannsóknarskyni. Við framkvæmum rannsóknir þar sem við notum þess konar auðkennisbrengluð gögn eða gögn með gerviauðkenni, eða uppsöfnuð, tölfræðileg og/eða nafnlaus gögn í eftirfarandi tilgangi:

- í þágu almannahagsmuna á sviði lýðheilsu með því að auka gæði, öryggi og virkni hjartameðferðar- og lækningatækja okkar og -kerfa og greiða fyrir þróun hugvitssamlegra og skilvirkra meðferða á hjartakvillum, í þágu almannaheilla;
- til að sinna rannsóknum, til að safna og greina tölfræðileg gögn og til að senda rannsóknaraðilum á vegum þriðju aðila, heilbrigðisstofnunum eða heilbrigðisstarfsmönnum eða lýðheilsuyfirvöldum;
- til að gæta lögmætra viðskiptahagsmuna Abbott með því að meta skilvirkni þjónustunnar og hvernig hún er veitt og notuð;
- til að gæta lögmætra viðskiptahagsmuna Abbott með því að staðfesta virkni og uppfærslur þjónustunnar, þ.m.t. að fylgjast með og bæta öryggi og áreiðanleika slíkrar þjónustu;
- til að rannsaka, þróa og prófa tæki, þ.m.t. nýja og núverandi eiginleika og virkni og til að prófa og bæta þjónustuna og tæki með hliðsjón af vöruþróun, gagnagreiningu, tölfræðigreiningu og notendakönnunum; og
- vegna almannahagsmuna á sviði lýðheilsu, þ.m.t. þegar þjónustan og tækin eru endurgreiðsluhæf eða falla að öðru leyti undir almannatryggingar, sjúkratryggingar eða aðrar opinberar fjárveitingar.

Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum ***+Rannsóknir***.

Við vinnum einnig úr persónuupplýsingum þínum sem vinnsluaðili og gerum það fyrir hönd þinnar heilbrigðisstofnunar. Heilbrigðisstofnunin vinnur úr persónuupplýsingum þínum á eftirfarandi lagagrundvelli samkvæmt lögum Evrópusambandsins eða landslögum:

- til að veita læknishjálp, þar á meðal áframhaldandi læknismeðferð, með því að fylgjast með tækinu þínu og ástandi þínu til að auðvelda stofnuninni að veita þér læknishjálp;
- til að veita Abbott aðgang að persónuupplýsingunum þínum, í því skyni að veita tæknilega aðstoð vegna þjónustunnar, þ.m.t. tæknilega og klíníska aðstoð, svo sem aðstoð við villukembingu, uppfærslur eða úrræðaleit fyrir þjónustuna eða túlkun gagna; og
- þar sem annars er krafist samkvæmt lögum Evrópusambandsins eða landslögum.

„**GDPR**“ vísar til almennu persónuverndarreglugerðarinnar (2016/679) um framkvæmd löggjafar ESB, og varðandi Bretland er vísað til bresku persónuverndarlöggjafarinnar (2018), með áorðnum breytingum á reglugerðunum hverju sinni. Í þeim tilvikum þegar land utan Evrópusambandsins er tilgreint hefur það verið gert vegna þess að viðkomandi lönd hafa sett sér lög sem eru að verulegu leyti svipuð eða nánast sambærileg lög við GDPR.

**Gagnaflutningur:** Upplýsingar sem safnað er í gegnum þjónustuna verða fluttar til og geymdar í Bandaríkjunum. Ef þú óskar eftir tæknilegum stuðningi verða persónuupplýsingarnar þínar (þ.m.t. heilsufarstengd gögn) aðeins aðgengilegar fjarþjónustuaðilum okkar í Bandaríkjunum eða Svíþjóð. Flutningur á persónuupplýsingum fer fram á grundvelli staðlaðra samningsákvæða ESB.

Í tilvikum þegar þú ert innan EES, í Sviss eða Bretlandi munu Abbott og heilbrigðisstofnun þín fylgja stöðluðum og föstum samningsákvæðum Evrópuráðsins innan ESB og viðauka varðandi flutninga á alþjóðavísu í Bretlandi.

Ef þú hefur beint samband við okkur og óskar eftir tæknilegri aðstoð verða persónuupplýsingar þínar (þ.m.t. heilsufarstengd gögn) hugsanlega aðgengilegar fjarþjónustuaðilum okkar í Bandaríkjunum og ESB. Alþjóðlegir gagnaflutningar innan Abbott falla undir gagnaflutningssamning sem inniheldur stöðluð og föst samningsákvæði Evrópuráðsins sem veita fullnægjandi verndarráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þínar við flutning þeirra utan EES, Sviss eða Bretland. Sjá **+ Gagnageymsla**

Abbott flytur einnig upplýsingar þínar sem „ábyrgðaraðili“ eins og Abbott þarf til að fylgja gildandi lagaskilyrðum, líkt og lagaskilyrðum er varða gæði og öryggi lækningatækja eða varðandi endurgreiðslu eða greiðslu sjúkrakostnaðar eins og lýst er í hlutanum **+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði**, eða samkvæmt gildandi lögum háð skýru samþykki þínu, t.d. í rannsóknarskyni, eins og lýst er í hlutanum **+Rannsóknir**.

Tilvísanir í „ábyrgðaraðila“ og „vinnsluaðila“ miðast við skilgreiningar hugtakanna í almennu persónuverndarreglugerðinni, breskum gagnaverndarlögum frá 2018 og svissneskum gagnaverndarlögum frá 1992, háð seinni viðbótum.

**Gagnaverndarfulltrúi:** Finna má samskiptaupplýsingar um evrópskan gagnaverndarfulltrúa okkar, ásamt öðrum gagnlegum samskiptaupplýsingum, á www.eu-dpo@abbott.com.

**Réttindi þín:** Ef þú vilt nýta þér einhver af réttindum þínum sem tilgreind eru í kaflanum **+ Hvernig einstakir notendur geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi þín.** og hefur samband við okkur með tölvupósti skaltu titla efnislínu tölvupóstsins þíns í samræmi við það (til dæmis „Beiðni um leiðréttingu“ eða „Beiðni um aðgang“ eða annan rétt eftir því sem við á í efnislínu tölvupóstsins.) Við munum gera okkar besta til að svara öllum beiðnum tímanlega, eða í það minnsta í samræmi við gildandi lagaskilyrði. Þú hefur heimild til að leggja fram kvörtun til gagnaverndaryfirvalda á staðnum ef þú ert ósátt(ur) við vinnslu Abbott á persónuupplýsingunum þínum.

**+Fulltrúi EB**

Pacesetter, Inc. hefur útnefnt eftirfarandi fyrirtæki sem landsfulltrúa sinn:

| Land | Nafn fulltrúa | Heimilisfang fulltrúa |
|---|---|---|
| Austurríki, Rúmenía | Abbott Medical Austria Ges.m.b.H. | Perfektastraße 84A 1230 Wien, Austurríki |
| Belgía, Lúxemborg | Abbott Medical Belgium | Corporate Village, Building Figueras, Da Vinci laan, 11 Box F1, Zaventem, Belgía |
| Búlgaría, Króatía, Kýpur, Tékkland, Ísland, Lettland, Malta, Slóvakía, Slóvenía | St. Jude Medical Coordination Center | Corporate Village, Building Figueras, Da Vinci laan, 11 Box F1, Zaventem, Belgía |
| Danmörk | Abbott Medical Danmark A/S | Produktionsvej 14, 2600 Glostrup, Danmörk |
| Eistland | Abbott Medical Estonia OÜ | Mõisa 4/Vabaõhumuuseumi tee 3, 13522, Tallinn, Eistland |
| Finnland | Abbott Medical Finland Oy | Karvaamokuja 2, 00380 Helsinki, Finnland |
| Frakkland | Abbott Medical France SAS | 1-3, esplanade du Foncet, CS 90087, 92442 Issy les Moulineaux Cedex, Frakkland |
| Þýskaland | Abbott Medical GmbH | Helfmann-Park 7, 65760 Eschborn, Þýskaland |
| Grikkland | Abbott Medical Hellas Limited Liability Trading Company (viðskiptaheiti: Abbott Medical (Hellas Ltd.) Á grísku: Άμποτ Ιατρικά Ελλάς Εμπορική Εταιρεία Περιορισμένης Ευθύνης og viðskiptaheiti Άμποτ Ιατρικά Ελλάς Ε.Π.Ε | Iroos Matsi & Archaeou Theatrou Str., 17456 Alimos-Athens, Grikkland |
| Ungverjaland | Abbott Medical Korlátolt Felelősség á | Tóth Lőrinc utca 41. II. em., Budapest, 1126, Ungverjaland |

file:///C/Users/ramoscx30/Downloads/PN%20Full%20for%20Website_June%202023/PN%20Full%20for%20Website_June%202023/ICM_2.0_IS_PN_full.html[10/11/2023 1:23:48 PM]

| | | |
|---|---|---|
| | Társaság (Stytt heiti: Abbott Medical Kft.) | |
| Írland | Abbott Medical Ireland Limited | Riverside One, Sir John Rogerson's Quay, Dublin 2 D02X576, Írland |
| Ítalía | Abbott Medical Italia S.r.l. | Viale Thomas Alva Edison 110, 20099 CAP, Ítalía |
| Litháen | UAB Abbott Medical Lithuania | Seimyniskiu str. 3, LT-09312 Vilnius, Litháen |
| Holland | Abbott Medical Nederland B.V. | Standaardruiter 13, 3905 PT Veenendaal, Holland |
| Noregur | Abbott Medical Norway AS | Gullhaugveien 7, Oslo, 0484, Noregur |
| Pólland | Abbott Medical spółka z ograniczoną odpowiedzialnością. | ul. Postepu 21B, 02-676, Warsaw, Pólland |
| Portúgal | Abbott Medical (Portugal) – Distribuicao de Produtos Medicos, Lda. | Estrada de Alfragide 67, Alfragide Edifico D, Amadora, Portúgal |
| Spánn | Abbott Medical España, S.A. | Francisca Delgado No. 11, Núcleo 3 – 3º Arroyo de la Vega, Alcobendas 28108, Spánn |
| Svíþjóð | Abbott Medical Sweden AB | Isafjordsgatan 15, 164 07 Kista, Svíþjóð (Business Office) Jarfalla, PO Box 7051, 164 07 Kista, Stockholm, Svíþjóð (Registered Office) |

**+Egyptaland**

Þú hefur rétt til að fá tilkynningu um öll möguleg öryggisbrot í tengslum við persónuupplýsingar þínar innan þriggja virkra daga frá því að við tilkynnum opinberum eftirlitsaðilum með gagnaöryggi um slíkt brot. Þú getur nýtt rétt þinn samkvæmt gagnaverndarlögum og sent okkur skriflega tilkynningu og okkur ber samkvæmt lögum að svara slíkri beiðni frá þér innan sex virkra daga. Í tilvikum þegar misbrestur verður á vernd persónuupplýsinga þinna eða í tilvikum þegar við neitum að virða lagalegan rétt þinn varðandi persónugögn þín eða í tilvikum þegar þú ert óánægð(ur) með svar okkar við hvers skonar beiðni frá þér, hefur þú rétt á að leggja fram kvörtun hjá opinberum eftirlitsaðilum með gagnaöryggi.

**+Frakkland**

Pacesetter, Inc. er vottað af ASIP Santé til að hýsa heilsufarstengdar persónuupplýsingar, þar á meðal eftirfarandi starfsemi:

1. veitingu og viðhald í rekstrarhæfu ástandi á efnislegum svæðum sem gerir kleift að hýsa efnislega innviði upplýsingakerfisins sem notað er til að vinna úr heilsufarsgögnum;
2. veitingu og viðhald í rekstrarhæfu ástandi á efnislegum innviðum upplýsingakerfisins sem notað er til að vinna úr heilsufarsgögnum;
3. veitingu og viðhald í rekstrarhæfu ástandi á svæði eða kerfi fyrir hýsingarforrit upplýsingakerfisins;
4. veitingu og rekstrarlegt viðhald sýndarinnviða upplýsingakerfisins sem notað er til að vinna úr heilsufarsgögnum;
5. umsýslu og rekstur upplýsingakerfisins sem inniheldur heilsufarsgögn;
6. vistun heilsufarsgagna.

Ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna vegna læknismeðferðar er læknirinn/heilbrigðisstofnunin. Pacesetter, Inc. (hlutdeildarfélag St. Jude Medical, LLC og dótturfyrirtæki að öllu leyti í eigu Abbott Laboratories), til heimilis að 15900 Valley View Court, Sylmar, California 91342 í Bandaríkjunum er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga og (1) útvegar þér þessu forriti; (2) uppfylla lagaskyldur, þ.m.t. skyldur tengdar öryggi, gæðum og úrbótum á lækningatækjum; og (3) framkvæma rannsóknir eftir að persónuupplýsingarnar hafa verið gerðar ópersónugreinanlegar, fengið gerviauðkenni, þeim hefur verið safnað upp og/eða þær gerðar nafnlausar, þannig að þær geti ekki vísað til þín með nafni. Við framkvæmum rannsóknir til að öðlast skilning á því hvernig vörur okkar og þjónusta eru notuð og á skilvirkni þeirra og til að afla raungagna. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+ Notkun Abbott á persónuupplýsingum, +Lækningatæki og önnur lagaleg skilyrði +Rannsóknir og +Geymsla á persónuupplýsingum**. Fulltrúi okkar á staðnum er Abbott Medical France SAS., 1-3, esplanade du Foncet, CS 90087, 92442 Issy les Moulineaux Cedex, France.

**+Hong Kong**

Við höfum einsett okkur að standa vörð um friðhelgi, trúnað og öryggi persónuupplýsinganna þinna með því að fylgja gildandi tilskipun um persónuupplýsingar (persónuvernd), (kafla 486 í lögum Hong Kong) („**PDPO**“) hvað stjórnun persónuupplýsinga varðar.

Heilbrigðisstofnanir geta skráð börn og andlega fatlaða einstaklinga á Merlin.net. Foreldri/forráðamaður getur hvenær sem er stöðvað söfnun persónuupplýsinga barns eða andlega fatlaðs einstaklings, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga, með því að hafa samband við viðkomandi heilbrigðisstofnun og óska eftir því að reikningnum verði eytt. Við slíka aðgerð verður reikningi barnsins eða andlega fatlaða einstaklingsins á Merlin.net eytt, en samkvæmt lögum kunnum við að halda eftir uppsöfnuðum og auðkennisbrengluðum persónuupplýsingum af tilteknum toga.

Börn og andlega fatlaðir einstaklingar kunna einnig að eiga rétt á að fá aðgang að persónuupplýsingum sem geymdar eru um viðkomandi. Þegar við fáum beiðni um aðgang að persónuupplýsingum barns eða andlega fatlaðs einstaklings frá foreldri/forráðamanni viðkomandi, kunnum við að svara foreldri/forráðamanni barnsins á beinan hátt eða mæla með því að viðkomandi hafi samband við lækni eða læknastofu barnsins eða andlega fatlaða einstaklingsins. Við munum staðfesta auðkenni einstaklinga sem leita aðgangs að upplýsingum um barn eða andlega fatlaðan einstakling, hvort sem barnið eða andlega fatlaði einstaklingurinn sjálft/sjálfur eða foreldri/forráðamaður biðja um slíkan aðgang.

Þegar við sinnum rannsóknum eins og lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu og eftir að við höfum gert persónuupplýsingarnar þínar á Merlin.net ópersónugreinanlegar, fengið þeim gerviauðkenni, safnað þeim upp og/eða gert þær nafnlausar, munum við hvorki reyna að endurauðkenna einstaklinga

út frá ópersónugreinanlegum gögnum né endurnota upplýsingar neinna einstaklinga, jafnvel þegar endurauðkenning sé möguleg.

Þú samþykkir að okkur sé heimilt að deila, ljóstra upp og flytja persónuupplýsingar til þriðja aðila eins og lýst er og í samræmi við skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar. Að því undanskildu sem tilgreint er í þessari persónuverndaryfirlýsingu, verða persónuupplýsingar þínar ekki birtar öðrum aðilum nema að þú veitir skýrt samþykki fyrir slíkri birtingu af fúsum og frjálsum vilja. Þegar ætlun okkar er að nota persónuupplýsingar þínar til beinnar markaðssetningar, munum við fylgja skilyrðum um tilkynningaskyldu samkvæmt PDPO og fá samþykki þitt eða engin merki um andmæli frá þér áður en við notum persónuupplýsingar þínar í slíkum tilgangi. Þú átt þann kost að láta eyða persónuupplýsingum þínum í okkar vörslu og velja að láta hvorki deila né flytja persónuupplýsingar þínar.

Þú hefur rétt á að biðja um aðgang að persónuupplýsingum þínum (og greitt gjald fyrir, þegar slíkt á við) og leiðrétta persónuupplýsingar þínar sem eru í okkar vörslu. Þegar þú vilt gera slíka leiðréttingu getur þú notað upplýsingarnar í hlutanum ***+Hafa samband*** og haft samband við gagnaverndarfulltrúa okkar.

Þú hefur einnig rétt á að leggja fram kvörtun vegna ferla eða aðgerða af hvaða toga sem er varðandi persónuupplýsingar þínar með því að hafa samband við skrifstofu forstöðumanns persónuverndar.

Ekkert sem kemur hér fram telst vera skráning í kerfi til rafrænnar deilingar á heilsufarsskrám („**EHRSS**“) og við erum ekki bótaskyld samkvæmt reglugerð um kerfi til rafrænnar deilingar á heilsufarsskrám (kaf. 625 í lögum Hong Kong) eða á annan hátt í tengslum við EHRSS.

**+Indland**

Abbott hefur gert réttmætar öryggisráðstafanir samkvæmt gildandi stöðlum og lögum.

Samþykki þitt er áskilið til að Abbott sé kleift að safna saman, vinna úr og geyma viðkvæmar persónuupplýsingar þínar (þ.m.t. um líkamlegt ástand, heilsufar) og til að flytja viðkvæmar persónuupplýsingar þínar til þriðja aðila af hvaða toga sem er. Abbott kann að deila viðkvæmum persónuupplýsingum þínum, eins og heilsufarsupplýsingum, með þriðja aðila. Þar að auki göngum við úr skugga um að umræddur þriðji aðili bjóði samskonar eða betri gagnavernd fyrir viðkvæmar persónuupplýsingar þínar. Þegar þú samþykkir þessa persónuverndaryfirlýsingu veitir þú um leið samþykki þitt fyrir úrvinnslu persónuupplýsinga þinna, þ.m.t. persónuupplýsinga af viðkvæmum toga, eins og hér er lýst. Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með því að hafa samband við persónuverndarfulltrúa okkar á privacy@abbott.com.

Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina Ef þú dregur samþykki þitt til baka mun Abbott geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenglaðar upplýsingar og gæti þurft að geyma tilteknar persónuupplýsingar eins og lög kveða á um. Þú hefur rétt á að því að skoða upplýsingar sem þú lætur af hendi til að ganga úr skugga um að slíkar upplýsingar séu ekki ónákvæmar eða ófullnægjandi. Viðkvæmum persónuupplýsingum þínum verður einungis safnað í þeim tilgangi sem minnst er á í þessari persónuverndaryfirlýsingu.

**+Japan**

Þú þarft að veita samþykki þitt fyrir því að Abbott meðhöndli „persónuupplýsingar þínar sem krefjast sérstakrar varúðar“ (sem er vísað til sem heilbrigðisupplýsinganna þinna í þessari persónuverndaryfirlýsingu) og framsendi persónuupplýsingarnar þínar, þar á meðal heilbrigðisupplýsingar, til þriðja aðila utan Japans (nema vegna framsendingar til ESB þar sem japönsk stjórnvöld hafa gefið út ákvörðun um hæfi). Með því að viðurkenna eða samþykkja þessa persónuverndaryfirlýsingu telst þú hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingunum þínum, þ.m.t. heilbrigðisupplýsingum, eins og lýst er hér. Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með samband haft við heilbrigðisstarfsmanninn. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Ef þú dregur samþykki þitt til baka mun Abbott geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenglaðar upplýsingar og gæti þurft að geyma tilteknar persónuupplýsingar eins og lög kveða á um.

**+Jórdanía**

Þú þarft að veita skriflegt samþykki þitt fyrir því að Abbott vinni úr persónuupplýsingunum þínum nema þegar við gerum það til að fara að lagaskyldu eins og lýst er í +Lækningatæki og önnur lagaleg skilyrði. Með því að samþykkja skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar telstu hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingunum þínum eins og lýst er hér. Ef þú vilt eyða reikningnum þínum á Merlin.net geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og ópersónugreinanlegum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um. Engar aðgerðir sem Abbott grípur til munu brjóta gegn gildandi reglugerðum í Jórdaníu. Allar aðgerðir verða í samræmi við fjarskiptalög nr. (13) frá árinu 1995, lög um vernd persónuupplýsinga, um leið og frumvarp til laga verður samþykkt og framfylgjanlegt og allar viðeigandi reglugerðir og/eða tilmæli sem eftirlitsstofnun fjarskipta (TRC) eða annað lögbært yfirvald hefur gefið út í fortíðinni eða mun gefa út í framtíðinni.

**+ Kasakstan**

**ÞEGAR ÞÚ SMELLIR Á „SAMÞYKKJA“ EÐA „SAMÞYKKI“ VEITIR ÞÚ SKÝRT SAMÞYKKI ÞITT FYRIR SAMSÖFNUN, ÚRVINNSLU, FLUTNINGI YFIR LANDAMÆRI Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM, Þ.M.T. HEILSUFARSUPPLÝSINGUM TIL BANDARÍKJANNA, SVÍÞJÓÐAR (EÐA ANNARRA STAÐSETNINGA INNAN EVRÓPU), KOSTA RÍKA OG/EÐA MALASÍU OG UM AÐGANG AÐ PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM, ÞAR Á MEÐAL HEILSUFARSTENGDUM UPPLÝSINGUM, SEM KUNNA AÐ VERA NAUÐSYNLEGAR Í UNDANTEKNINGARTILVIKUM TIL AÐ BREGÐAST VIÐ ÞEIM ÞJÓNUSTUBEIÐNUM SEM ÞÚ EÐA LÆKNIRINN ÞINN SETUR FRAM. ÞESSI LÖND TRYGGJA HUGSANLEGA EKKI SAMBÆRILEGA VERND FYRIR PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR OG TRYGGT ER Í GAGNAVERNDAR- EÐA PERSÓNUVERNDARLÖGUM ÞÍNS BÚSETULANDS.**

Hafðu í huga að samsöfnun og úrvinnsla persónuupplýsinga þinna kann að fara fram án samþykkis frá þér í tilvikum sem tilgreind eru í lögum lýðveldisins Kasakstan, þ.m.t. í tilvikum þegar alþjóðlegum samningum samþykktum af Kasakstan er framfylgt.

**+Malasía**

**Almennt:** Í tilvikum þegar malasísk lög um vernd persónuupplýsinga frá 2010 og/eða allar reglugerðir, lagasöfn, staðlar og lagaleg skilyrði sem eru gefin út samkvæmt malasískum lögum um vernd persónuupplýsinga frá 2010 („**gagnaverndarlög Malasíu**“) eiga við, skal þessi hluti eiga við um úrvinnslu Abbott á persónuupplýsingum þínum.

**Samþykki.** Tilgangur þessarar persónuverndaryfirlýsingar er að tilkynna þér að Abbott, eða aðili sem kemur fram fyrir hönd Abbott vinnur úr persónuupplýsingum þínum og þú veitir hér með samþykki þitt fyrir úrvinnslu persónuupplýsinga þinna samkvæmt þessari persónuverndaryfirlýsingu, þ.m.t. flutningi persónuupplýsinga þinna til staðsetningar sem er utan Malasíu. Um leið og þú smellir á „samþykkja“ eða „samþykki“ eða merkir í gátreitinn „samþykkja“ eða „samþykki“, veitir þú skýrt samþykki fyrir úrvinnslu persónuupplýsinga þinna, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga, í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari persónuverndaryfirlýsingu og þessum hluta, að því marki sem heimilt er samkvæmt gagnaverndarlögum Malasíu.

**Beiðni um aðgang að gögnum og leiðréttingar.** Þú hefur rétt á að biðja um aðgang að og gera leiðréttingar á persónuupplýsingunum þínum samkvæmt eftirfarandi og samkvæmt skilmálum malasískra gagnaverndarlaga: (a) þú kannt einnig, við greiðslu tiltekins gjalds (ef slíkt á við), lagt fram skriflega beiðni til okkar um að fá aðgang að gögnum eða fá fram leiðréttingu gagna; og (b) við kunnum að hafna beiðni þinni um aðgang að gögnum eða leiðréttingu gagna og munum láta þig vita skriflega um höfnun okkar og tilgreina ástæður fyrir slíkri höfnun.

**Takmörkun úrvinnslu persónuupplýsinga.** Þú getur sent okkur skriflega tilkynningu og takmarkað úrvinnslu persónuupplýsinga þinna (þ.m.t. sent okkur beiðni um að hætta úrvinnslu eða ekki hefja úrvinnslu persónuupplýsinga þinna til beinnar markaðssetningar). Þú hefur rétt á að afturkalla samþykki sem þú hefur áður veitt okkur (að öllu leyti eða að hluta til) með því að senda okkur skriflega tilkynningu og þegar við móttökum slíka tilkynningu munum við hætta úrvinnslu persónuupplýsinga þinna. Þegar þú takmarkar úrvinnslu eða afturkallar samþykki þitt fyrir tiltekinni eða allri notkun persónuupplýsinga þinna, getum við hugsanlega ekki staðið við gildandi samkomulag eða samning og slíkt getur haft eftirfarandi í för með sér: (i) við getum hvorki haldið úrvinnslu persónuupplýsinga þinna áfram í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari persónuverndaryfirlýsingum né boðið þér þjónustu/vörur okkar; (ii) við getum ekki haldið áfram að uppfylla samningsbundnar skyldur okkar við þig (ef við á); og/eða (iii) við munum rifta ráðstöfunum/samkomulögum/samningum sem þú hefur gert við okkur, án frekari ábyrgðar af okkar hálfu. Slíkt mun einnig hafa áhrif á getu heilbrigðisstofnunar þinnar til að fjarvakta tækið þitt og kann að hafa áhrif á meðferð þína.

**Útgáfur og árekstrar.** Í tilvikum þegar ósamræmi kemur upp á milli ensku útgáfu og malasísku útgáfu þessarar persónuverndaryfirlýsingar, skal enska útgáfan gilda frekar en malasíska útgáfan.

Hvað hlutann **+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði** hér á undan varðar, telst samþykki ekki vera nauðsynlegt samkvæmt gildandi gagnaverndarlögum Malasíu.

Hvað varðar **Í hlutanum +Breytingar á þessari persónuverndaryfirlýsingu** hér á undan, að því leyti að breytingar krefjast þess að afla nýs samþykkis samkvæmt malasískum gagnaverndarlögum (þ.e. úrvinnsla persónuupplýsinga þinna í öðrum tilgangi eða viðbótartilgangi fyrir flokk þriðja aðila sem við kunnum að birta persónuupplýsingar þínar), munum við leita eftir samþykki þínu hvað slíkar breytingar varðar.**.**

**+Máritíus**

Þú hefur rétt á að leggja fram kvörtun til eftirlitsmanns með upplýsinga- og gagnavernd varðandi úrvinnslu persónuupplýsinga þinna með því að senda tölvupóst á dpo@govmu.org.

**+Mongólía**

Fyrir notendur undir 18 ára aldri verður foreldri eða forráðamaður að veita samþykki.

Um leið og þú samþykkir þessa persónuverndaryfirlýsingu, veitir þú samþykki þitt fyrir samsöfnun, úrvinnslu, notkun, geymslu og flutningi persónuupplýsinga þinna, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga þinna, til þriðja aðila (þ. á m. flutningur yfir landamæri).

**+Nýja-Sjáland**

Notaðu tengiliðaupplýsingarnar hér á undan til að hafa samband við okkur í tilvikum þegar þú vilt leggja fram kvörtun vegna brota á persónuverndarlögum 2020 (þ.m.t. lögum sem gefin voru út samkvæmt persónuverndarlögum 2020, eins og lög um persónuvernd heilsufarsupplýsinga 2020), eða þú hefur spurningar eða fyrirspurnir varðandi persónuverndaryfirlýsinguna eða hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar. Við munum gera ásættanlegar ráðstafanir til að rannsaka málið og svara þér.

Ef þú ert ekki sátt(ur) við svör okkar að þessu ferli loknu geturðu sent kvörtun til forstöðumanns persónuverndar. Frekari upplýsingar um viðeigandi eyðublöð til kvörtunar og tengiliðaupplýsingar forstöðumanns persónuverndar er að finna á https://www.privacy.org.nz/your-rights/making-a-complaint. Þú hefur rétt á að biðja um leiðréttingu persónuupplýsinga þinna í okkar vörslu og þar að auki rétt á að afhenda Abbott yfirlýsingu með umbeðinni leiðréttingu persónuupplýsinga („**yfirlýsing um leiðréttingu**“) og krefjast þess að Abbott hengi yfirlýsinguna um leiðréttingu við persónuupplýsingar þínar ef við skyldum ekki framkvæma leiðréttinguna sem þú biður um.

**+Norður-Makedónía**

SAMÞYKKI ÞITT ER VEITT AF FÚSUM OG FRJÁLSUM VILJA OG ÞÚ VIÐURKENNIR AÐ ÞÉR BER ENGIN LAGALEG SKYLDA TIL AÐ VEITA ABBOTT PERSÓNUUPPLÝSINGAR.

**+Lækningatæki, önnur lagaskilyrði og rannsóknir**: Hvað varðar hugtakið „gerviauðkenni“ sem kemur fram í hlutanum **+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði** og hlutanum **+Rannsóknir** verður að hafa í huga að norðurmakedónísk lög um vernd persónuupplýsinga (birt í lögbirtingablaði lýðveldisins

Norður-Makedóníu nr. 42/20) („**gildandi lög Norður-Makedóníu**") skilgreina „gerviauðkenni" sem *„úrvinnslu persónuupplýsinga á þann hátt að ekki er hægt að rekja slíkar persónuupplýsingar til tiltekins skráðs aðila án þess að nota viðbótarupplýsingar, að því gefnu að slíkar viðbótaupplýsingar séu geymdar á aðskilinn hátt og gripið sé til tæknilegra og skipulagsfræðilegra aðgerða til að ganga úr skugga um að persónuupplýsingarnar sé ekki hægt að rekja til auðkennds eða auðkennanlegs einstaklings".*

**Lagagrundvöllur fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum:** Abbott vinnur úr persónuupplýsingum þínum, þ.m.t. heilsufarsupplýsingum þínum samkvæmt gildandi lögum í Norður-Makedóníu sem tilgreind eru í hlutanum **+EES, Sviss, Bretland og Cayman-eyjur.**

**Gagnaflutningur:**

Þegar heilbrigðisstofnun þín flytur persónuupplýsingar frá Norður-Makedónu yfir til Abbott sem „ábyrgðaraðila", verður gripið til viðeigandi öryggisráðstafana samkvæmt gildandi lögum Norður-Makedóníu, eins og samningar um gagnaflutninga með viðeigandi öryggisráðstöfunum sem jafngilda vernd samkvæmt gildandi lögum Norður-Makedóníu. Þú getur óskað eftir að fá afrit af viðeigandi öryggisráðstöfunum með því að hafa samband við okkur: privacy@abbott.com

Tilvísanir í „ábyrgðaraðila" og „vinnsluaðila" miðast við skilgreiningar þessara hugtaka samkvæmt gildandi lögum Norður-Makedóníu, samkvæmt síðari breytingum.

**Viðurkenndur fulltrúi:** Pacesetter, Inc. hefur útnefnt eftirfarandi aðila sem viðurkenndan fulltrúa sinn í Norður-Makedóníu: DTPU Synergy Medical doo of Vasil Stefanovski no. 1a/3, 1000 Skopje, Norður-Makedónía.

**+Palestína**

Þú verður að veita fyrirfram samþykki þitt til að Abbott sé kleift að vinna úr persónuupplýsingum þínum samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar nr. (3)/ 2019 og samkvæmt grundvallarlögum með síðari breytingum frá árinu 2005, nema þegar við framkvæmum slíka vinnslu til að uppfylla lagalega skyldu eins og lýst er í lagatilskipun nr. (31) / 2018 varðandi læknisfræðilega vernd, öryggi og heilbrigði, lagatilskipun nr. (10)/2018 varðandi netglæpi og í hlutanum +Lækningatæki og önnur lagaskilyrði. Með því að samþykkja skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar telstu hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingunum þínum eins og lýst er hér. Þú samþykkir að ef þú afturkallar samþykki þitt að úrvinnsla upplýsinga sem þegar hefur verið safnað á Merlin.net haldi áfram eins og lýst er hér og samþykkieyðublaði fyrir sjúklinga. Ef þú vilt eyða reikningnum þínum á Merlin.net geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og ópersónugreinanlegum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um.

**+Filippseyjar**

**UM LEIÐ OG ÞÚ SMELLIR Á „SAMÞYKKI" EÐA „SAMÞYKKJA" VEITIR ÞÚ SKÝRT SAMÞYKKI ÞITT FYRIR ÚRVINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA, Þ.M.T. HEILSUFARSUPPLÝSINGA Í ÞEIM TILGANGI SEM TILGREINDUR ER Í ÞESSUM SAMNINGI OG ÞESSUM HLUTA FYRIR NOTENDUR Á FILIPPSEYJUM. ÞÚ SKILUR AÐ ÞEGAR ÞÚ SMELLIR Á „SAMÞYKKI" EÐA „SAMÞYKKJA" VEITIR ÞÚ UM LEIÐ SKÝRT SAMÞYKKI ÞITT Í HVERT SINN TIL VIÐBÓTAR FYRIR ÚRVINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA, Þ.M.T. HEILSUFARSUPPLÝSINGA, EINS OG TILGREINT ER Í KAFLANUM SEM BER HEITIÐ „FILIPPSEYJAR" OG VIÐ MUNUM VINNA ÚR PERSÓNUUPPLÝSINGUM SAMKVÆMT SLÍKU SAMÞYKKI**

Unnið verður úr persónuupplýsingum þínum í samræmi við kröfur Lög lýðveldisins nr. 10173 eða *gagnaverndarlög frá 2012* („**DPA**"), framkvæmdarreglur og reglugerðir þeirra („**IRR**") og viðeigandi reglur og reglugerðir sem eru gefnar út af Landsnefnd persónuverndar á Filippseyjum („**NPC**").

Þú getur beðið um að fá aðgang að persónuupplýsingum þínum, láta breyta eða eyða þeim ef lögmætar ástæður liggja þar að baki, þú getur mótmælt úrvinnslu þeirra eða takmarkað aðgang að þeim og þegar slíkt er mögulegt fengið afrit af persónuupplýsingum þínum og láta leiðrétta eða uppfæra rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um þig. Þú hefur rétt til að andmæla úrvinnslu persónuupplýsinga þinna af lögmætum ástæðum og að krefjast þess að allar upplýsingar af slíkum toga séu gerðar nafnlausar og/eða þeim sé eytt. Þú hefur einnig rétt á að leggja fram kvörtun til gagnaverndaryfirvalda í þínu landi um úrvinnslu persónuupplýsinga þinna. Þú hefur einnig allan áskilinn rétt sem þér er veittur sem skráður aðili samkvæmt DPA, IRR og viðeigandi reglum og reglugerðum NPC.

Að því marki sem Abbott notar persónuupplýsingar þínar í eigin þágu, verður þú beðin(n) um að veita samþykki þitt með því að undirrita samþykktareyðublað á Merlin.net.

Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með samband haft við heilbrigðisstarfsmanninn. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Ef þú dregur samþykki þitt til baka kann Abbott að geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenglaðar upplýsingar og gæti þurft að geyma tilteknar persónuupplýsingar eins og lög kveða á um.

Hafðu samband við eftirfarandi aðila ef spurningar vakna varðandi þessa persónuverndarstefnu eða hvernig er unnið úr persónuupplýsingum þínum:

Abbott Laboratories
Berist til: Skrifstofu siðferðisreglna og reglufylgni
Venice Corporate Center
No. 8 Turin Street, Mckinley Town Center,
Fort Bonifacio, Taguig City, 1634 Filippseyjar
+63287028622; +639176328959
Netfang: privacy@abbott.com

**+ Moldóva**

Samkvæmt lögum um vernd persónuupplýsinga nr. 133 frá 08.07.2011 (hér á eftir kölluð „**lög 133/2011**"), telst rafrænt samþykki þitt vera sönnun fyrir samþykki þínu á úrvinnslu og flutningi persónuupplýsinga þinna eins og tilgreint er í þessu notandaleyfi um persónuvernd og þessari persónuverndaryfirlýsingu, nema í tilvikum þegar við vinnum úr persónuupplýsingum þínum til að uppfylla lagalegar skyldur, eins og lýst er í hlutanum **+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði,** eða í tilvikum þegar við notum gögnin í þágu lögmætra hagsmuna okkar, að því gefnu að slíkir hagsmunir gangi ekki í mót við hagsmuni þína eða grundvallarréttindi þín og frelsi þitt. Ef þú vilt **eyða reikningnum þínum á Merlin.net** geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og ópersónugreinanlegum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um. Í sambandi við úrvinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum, fyrir utan réttindin sem tilgreind eru í **+Hvernig einstakir notendur fá aðgang að og geta leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi þín**:

- þú hefur rétt á að krefjast þess að Abbott sem ábyrgðaraðili veiti þér aðgang að persónuupplýsingum þínum innan 15 daga, án tafar og endurgjaldslaust. Hafa ber í huga að Abbott er aðeins ábyrgðaraðili í takmörkuðum skilningi og þú verður hugsanlega að nýta aðgangsrétt þinn með því aðhafa samband við heilbrigðisstofnun þína.
- þú hefur rétt á að andmæla hvenær sem er, endurgjaldslaust og án frekari rökstuðnings úrvinnslu gagna þinna í markaðstengdum tilgangi; og
- þú hefur rétt á að leggja fram kvörtun um hvernig unnið er úr persónuupplýsingum þínum hjá opinberum eftirlitsaðila með gagnaöryggi á hverjum stað eða innlendu gagnaverndarmiðstöðinni.

Abbott mun einnig senda tilkynningu til opinberra eftirlitsaðila með gagnaöryggi, eða innlendu gagnaverndarmiðstöðvarinnar, um alla úrvinnslu persónuupplýsinga þinna, þegar gildandi lög á hverjum stað gera kröfu um slíkt.

**+Varðveisla persónuupplýsinga.** Við höldum aldrei eftir persónuupplýsingum þínum lengur en þörf krefur til gagnaúrvinnslu. Eftirfarandi verður gert við persónuupplýsingar þínar þegar úrvinnsluferli þeirra lýkur og þú hefur ekki veitt okkur samþykki fyrir frekari áframsendingu eða úrvinnslu þeirra: d) upplýsingunum verður eytt; eða b) upplýsingarnar verða sendar til annars umsjónaraðila, að því gefnu að upprunalegi umsjónaraðilinn ábyrgist að áframhaldandi úrvinnsla sé í svipuðum tilgangi og upprunalega úrvinnsla upplýsinganna; c) upplýsingunum verður breytt í nafnlausar upplýsingar og eingöngu geymdar til tölfræðilegra, sögulegra eða vísindarannsókna, nema að því marki sem lög kveða á um.

Þar að auki hefur Abbott sem ábyrgðaraðili gefið út öryggisreglur um persónuupplýsingar samkvæmt kröfum um öryggi persónuupplýsingar við úrvinnslu slíkra upplýsinga innan upplýsingakerfa persónuupplýsinga samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar nr. 1123 frá 14. 12. 2010, nánar tiltekið hefur tilgreint og lagt í té (1) útnefningu aðilans sem ber ábyrgð á öryggisreglunum; (2) öryggisráðstafanir; (3) ferli til að framfylgja öryggisráðstöfunum; (4) formlegan lista yfir notendur sem hafa heimild til að opna persónugögn; (5) stillingar fyrir upplýsingakerfi persónuupplýsinga og netkerfi; (6) ítarlega lýsingu á skilyrðum um aðgengi að skráningu persónuupplýsinga sem unnið er úr handvirkt; (7) tæknilegum fylgigögnum varðandi öryggisráðstafanir; (8) áætlun vegna öryggisathuganna; (9) ráðstafanir til að greina tilvik um aðgang og/eða óheimila úrvinnslu persónuupplýsinga; (10) skýrslur um öryggistilvik.

Hafðu samband við aðilann sem ber ábyrgð á úrvinnslu persónuupplýsinga á privacy@abbott.com ef spurningar vakna varðandi þessa persónuverndarstefnu eða hvernig úrvinnslu persónuupplýsinga þinna er háttað.

**+Rússland**

Þessi persónuverndaryfirlýsing fyrir farsímaforrit er persónuverndaryfirlýsing frá fyrirtækinu Pacesetter, Inc. **Flutningur persónuupplýsinga yfir landamæri.** Við sjáum um skráningu, kerfisvæðingu, söfnun, geymslu, hreinsun (uppfærslu, breytingar) og úrdrætti persónuupplýsinga rússneskra ríkisborgara þegar notaðir er gagnagrunnar í Rússlandi við söfnun slíkra persónuupplýsinga á hvaða hátt sem er, þ.m.t. á internetinu. **Varðveisla persónuupplýsinga.** Við höldum aldrei eftir persónuupplýsingum þínum lengur en þörf krefur til gagnaúrvinnslu. Við munum eyða persónuupplýsingum þínum 30 dögum eftir að nauðsynlegri úrvinnslu er lokið. **Öryggi persónuupplýsinga.** Við erum stöðugt að gera úrbætur á öryggiskerfum okkar fyrir persónuupplýsingar og gerum allar nauðsynlegar stjórnsýslulegar, lagalegar og tæknilegar ráðstafanir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Við uppfyllum fjölda krafna um gagnaöryggi persónuupplýsinga við vinnslu í upplýsingakerfum samkvæmt 19. gr. rússneskra laga um persónuupplýsingar nr. 152-ФЗ frá 27. júlí 2006 og öðrum samþykktum. Við uppfyllum sér í lagi eftirfarandi skilyrði, háð völdu öryggisstigi upplýsingakerfa: tryggja öryggi á staðnum þar sem búnaður upplýsingakerfa persónuupplýsinga er geymdur þannig að koma í veg fyrir að aðilar án viðeigandi aðgangsréttinda komist inn eða haldi sig á slíkum stöðum; tryggja öryggi allra miðla sem hafa persónuupplýsingar að geyma; búa til skjal samkvæmt ákvörðun framkvæmdarstjóra sem inniheldur lista yfir starfsmenn sem vegna starfa sinna þurfa aðgang að persónuupplýsingum sem unnið er með í upplýsingakerfinu; nota verkfæri fyrir upplýsingaöryggi, þar sem reglufylgni við lagaskilyrði rússneskra laga um upplýsingaöryggi er metin og staðfest, þegar slík verkfæri eru nauðsynleg til að koma í veg fyrir raunverulega áhættu; skipa starfsmann sem ber ábyrgð á öryggi persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu eða auka ábyrgð viðkomandi í viðeigandi starfsdeild; ganga úr skugga um að allar breytingar aðgangsréttinda varðandi persónuupplýsingar í upplýsingakerfinu séu skráðar sjálfkrafa í annál rafrænna skilaboða; og veita aðeins starfsmönnum eða öðrum aðilum með heimild aðgang að skrá rafrænna skilaboða sem hafa þörf á slíkum aðgangi til að inna störf sín af hendi.

**+ Serbía**

Ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna vegna læknismeðferðar er læknirinn/heilbrigðisstofnunin. Pacesetter, Inc. (hlutdeildarfélag St. Jude Medical, LLC og dótturfyrirtæki að öllu leyti í eigu Abbott Laboratories), til heimilis að 15900 Valley View Court, Sylmar, California 91342 í Bandaríkjunum er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga og (1) útvegar þér þessu forriti; (2) uppfylla kröfur í lögum og reglugerðum, þ.m.t. kröfur tengdar öryggi, gæðum og úrbótum á lækningatækjum; og (3) framkvæma rannsóknir eftir að persónuupplýsingarnar hafa verið gerðar ópersónugreinanlegar, fengið gerviauðkenni, þeim hefur verið safnað upp og/eða þær gerðar nafnlausar, þannig að þær geti ekki vísað til þín með nafni. Við sinnum rannsóknum til að greina hvernig vörur okkar og þjónusta eru notaðar, til að mæla afköst þeirra og skilvirkni, til að bæta seinni tíma vörur og í tengslum við raunrannsóknir.

Pacesetter, Inc. hefur útnefnt Abbott Laboratories S.A., Bulevar Mihajla Pupina 115d, 11000 Belgrade, Serbíu sem landsfulltrúa sinn.

**Lagagrundvöllur fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum**: Viðeigandi hluta í gildandi „SÉRÁKVÆÐI UM LÖND" fyrir EES, Sviss, Bretland og Cayman-eyjar í þessari persónuverndaryfirlýsingu, með tilvísan í „GDPR-reglugerðina" og „lög Evrópusambandsins eða landslög" er skipt út fyrir „serbnesk gagnaverndarlög (2018)".

**Gagnaflutningur:** Abbott fellur undir serbnesk gagnaverndarlög (2018) og upplýsingar sem safnað er saman í gegnum þjónustuna eru fluttar til og geymdar í Bandaríkjunum eins og lýst er í hlutanum **+Flutningur persónuupplýsinga yfir landamæri**. Lög um persónuvernd í Bandaríkjunum eru ekki jafngild lögum um persónuvernd í Serbíu, en Abbott fellur samt sem áður á beinan hátt undir serbnesk gagnaverndarlög (2018) samkvæmt þeim tilgangi sem lýst er í hlutanum **+Notkun Abbott á persónuupplýsingum** og persónuupplýsingar þínar eru verndaðar við framfylgni slíkra laga. Í tilvikum þegar Abbott vinnur úr gögnum sem „ábyrgðaraðili“ fyrir hönd heilbrigðisstofnunar þinnar, mun Abbott vinna úr slíkum persónuupplýsingum samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstofnunar þinnar og samkvæmt samningi okkar við viðeigandi heilbrigðisstofnun.

**Réttindi þín**: Auk þeirra réttinda sem eru tilgreind í hlutanum **+Hvernig einstakir notendur geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi þín** hefur þú heimild til að leggja fram kvörtun til gagnaverndaryfirvalda á staðnum ef þú ert ósátt(ur) við vinnslu Abbott á persónuupplýsingunum þínum.

**+Singapúr**

Með því að viðurkenna eða samþykkja þessa persónuverndaryfirlýsingu telst þér hafa verið tilkynnt efni hennar og þú hafa veitt skýrt samþykki fyrir því. Fyrir notendur undir 13 ára aldri verður foreldri eða forráðamaður að veita samþykki. Ef þú vilt eyða reikningnum þínum á Merlin.net geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og ópersónugreinanlegum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um.

Í þessari persónuverndaryfirlýsingu er að finna upplýsingar um söfnun, notkun, upplýsingagjöf til þriðja aðila, útvistun vinnslu og flutning persónuupplýsinganna þinna, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga, yfir landamæri frá Pacesetter, Inc., í tengslum við útvegun forritsins og þjónustunnar. Allir eftirfarandi flokkar vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga, eru nauðsynlegir til að hægt sé að bjóða upp á forritið og þjónustuna.

Þú getur veitt samþykki þitt fyrir öllum eftirfarandi flokkum með því að viðurkenna eða samþykkja þessa persónuverndaryfirlýsingu:

- Samþykki fyrir söfnun og notkun persónuupplýsinga, þar með talið heilsufarsupplýsinga, eins og lýst er í +Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga, **+Aðgengi Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta, +Notkun Abbott á persónuupplýsingum, +Lækningatæki og önnur lagaleg skilyrði +Rannsóknir**
- Samþykki fyrir söfnun og notkun heilsufarsupplýsinga, eins og lýst er í **+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga, +Aðgengi Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta, +Notkun Abbott á persónuupplýsingum, +Lækningatæki og önnur lagaleg skilyrði +Rannsóknir**
- Samþykki fyrir flutningi heilsufarsgagna (viðkvæmra gagna) yfir landamæri og til þriðju aðila, eins og lýst er í **+Gagnageymsla, +Birting okkar á persónuupplýsingum, +Flutningur persónuupplýsinga yfir landamæri.**

Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með því að hafa samband við þína heilbrigðisstofnun. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Ef þú dregur samþykki þitt til baka mun Abbott geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenglaðar upplýsingar og gæti þurft að geyma tilteknar persónuupplýsingar eins og lög kveða á um.

Hafðu í huga að innlendum auðkenniskortum og öðrum innlendum kenninúmerum eins og númerum fæðingavottorða, erlendum kenninúmerum, númerum vinnuleyfa og númerum vegabréfa verður aðeins safnað saman, notuð og birt af okkur ef (a) slík söfnun, notkun eða birting sé krafist samkvæmt lögum; eða (b) nauðsynlegt reynist að staðfesta eða ganga úr skugga um auðkenni tiltekins einstaklings á nákvæman hátt.

Ef öryggisbrot skyldi eiga sér stað í tengslum við persónuupplýsingar þínar, munum við grípa til allra ráða samkvæmt gagnaverndarlögum Singapúr til að meðhöndla slíkt tilvik og kunnum að tilkynna stofnun um vernd persónuupplýsinga um slík tilvik og úrbætur á slíkum tilvikum eftir þörfum.

Gagnaflutningur: Upplýsingar sem safnað er í gegnum þjónustuna verða fluttar til og geymdar í Bandaríkjunum. Ef þú óskar eftir tæknilegum stuðningi verða persónuupplýsingarnar þínar (þ.m.t. heilsufarstengd gögn) aðeins aðgengilegar fjarþjónustuaðilum okkar í Bandaríkjunum, Svíþjóð eða Malasíu. Abbott hyggst nýta samninga um gagnaflutninga og mun grípa til viðeigandi öryggisráðstafana, eins og fastra samningsákvæða varðandi slíka gagnaflutninga yfir landamæri.

Hafðu samband við eftirfarandi aðila ef spurningar vakna varðandi þessa persónuverndarstefnu eða hvernig er unnið úr persónuupplýsingum þínum: Gagnaverndarfulltrúi á privacy@abbott.com.

**+Suður-Afríka**

Þú hefur heimild til að leggja fram kvörtun til upplýsingafulltrúa vegna vinnslu persónuupplýsinganna þinna með því að skrifa til: The Information Regulator, SALU Building, 316 Thabo Sehume Street, PRETORIA, sími: 012 406 4818, fax: 086 500 3351, inforeg@justice.gov.za.

**+Suður-Kórea**

**UM LEIÐ OG ÞÚ SMELLIR Á „SAMÞYKKI“ EÐA „SAMÞYKKJA“ VEITIR ÞÚ SKÝRT SAMÞYKKI ÞITT FYRIR ÚRVINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA, Þ.M.T. HEILSUFARSUPPLÝSINGA Í ÞEIM TILGANGI SEM TILGREINDUR ER Í ÞESSARI YFIRLÝSINGU OG ÞESSUM HLUTA FYRIR NOTENDUR Í SUÐUR-KÓREU. ÞÚ SKILUR AÐ ÞEGAR ÞÚ SMELLIR Á „SAMÞYKKI“ EÐA „SAMÞYKKJA“ VEITIR ÞÚ UM LEIÐ SKÝRT SAMÞYKKI ÞITT Í HVERT SINN TIL VIÐBÓTAR FYRIR ÚRVINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA, Þ.M.T. HEILSUFARSUPPLÝSINGA, EINS OG TILGREINT ER Í ÞESSUM KAFLA SEM BER HEITIÐ „SUÐUR-KÓREA“ OG VIÐ MUNUM VINNA ÚR PERSÓNUUPPLÝSINGUM SAMKVÆMT SLÍKU SAMÞYKKI.**

Fyrir notendur undir 14 ára aldri verður forráðamaður að veita samþykki.

Að því marki sem heimilt er samkvæmt gildandi lögum getur þú neytt réttar þíns og beðið Pacesetter, Inc. um að fá að fletta í gegnum, leiðrétta, eyða og

hætta úrvinnslu persónuupplýsinga þinna með því að senda skriflegt bréf, tölvupóst eða nota aðrar aðferðir til að hafa samband samkvæmt 41(1). grein fullnustugerðar laga um vernd persónuupplýsinga og Pacesetter, Inc. mun bregðast skjótt við öllum beiðnum af slíkum toga frá þér. Þú getur einnig nýtt þér áðurnefndan rétt að persónuupplýsingum þínum í gegnum löglega skipaðan, lagalegan fyrirsvarsmann þinn. Pacesetter, Inc. mun ganga úr skugga um hvort beiðnir af slíkum toga hafi í reynd verið settar fram af þér og löglega skipuðum, lagalegum fyrirsvarsmanni þínum. Í tilvikum þegar heilbrigðisstofnun þín ber ábyrgð á úrvinnslu persónuupplýsinga þinna, ættir þú hins vegar að beina fyrirspurnum varðandi rétt þinn að persónuupplýsingum til viðkomandi heilbrigðisstofnunar.

Eftirfarandi skilmáli, „Til að nýta þér gagnaverndarréttindi eða réttindi tengd persónuvernd skaltu hafa samband við heilbrigðisstofnunina hið fyrsta. Hafðu samband við viðkomandi heilbrigðisstofnun til að gera leiðréttingar á notandasniði þínu. Við getum ekki leiðrétt né breytt neinum álestrum tækisins sem þegar hefur verið hlaðið upp" í hlutanum **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga** á ekki við um notendur í Suður-Kóreu.

Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með því að hafa samband við heilbrigðisstofnun þína eða nýta þér tengiliðaupplýsingarnar sem koma fram í hlutanum **+Hafa samband**. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Ef þú dregur samþykki þitt til baka mun Abbott geyma uppsafnaðar og naflausar upplýsingar og gæti þurft að geyma tilteknar persónuupplýsingar eins og lög kveða á um.

**Útvegun persónuupplýsinga til þriðja aðila**

| Viðtakendur | Tilgangur notkunar viðtakenda | Atriði persónuupplýsinga sem skal láta í té | Varðveislutímabil/notkun viðtakenda |
|---|---|---|---|
| Heilbrigðisstofnun hvers sjúklings/notanda fyrir sig | Tilgangur tilgreindur í hlutanum „+Notkun heilbrigðisstofnunar á upplýsingum um þig“ | Hlutar persónuupplýsinga sem tilgreindir eru í hlutanum „+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga“ | Þar til tilgangi úrvinnslunnar hefur verið náð |
| Pacesetter, Inc., 15900 Valley View Court, Sylmar, California 91342 | Tilgangur sem tilgreindur er í hlutanum „+Notkun Abbott á persónuupplýsingum“ | Hlutar persónuupplýsinga sem tilgreindir eru í hlutanum „+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga“ | Á því tímabili sem Pacesetter Inc. er útvistaður úrvinnsluaðili |
| | Kvartanir og tilvik um aukaverkanir | Heiti þess sem sendir inn tilkynninguna, upplýsingar um kvörtun eða tilvik | Eins og krafist er í lögum um lækningatæki |
| Abbott Medical (Malasíu) Sdn. Bhd. At 35, 1st Floor, Jalan Kelisa Emas 1, Tama Kelisa Emas, 13700 Seberang Java, Penang, Malasíu | Tækniaðstoð á öðru og/eða þriðja stigi | Þau atrið sem tilgreind eru í „+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga“ hlutanum eins og nauðsynlegt er til að leysa úr tæknilegu vandamáli. Frekari upplýsingar er að finna í hlutanum „+Aðgangur Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta“. | Á því tímabili sem Pacesetter Inc. er útvistaður úrvinnsluaðili |
| Abbott Medical Sweden AB Isafjordsgatan 15, 164 07 Kista, Svíþjóð (Business Office) Jarfalla, PO Box 7051, 164 07 Kista, Stockholm, Svíþjóð (Registered Office) | Tækniaðstoð á öðru og/eða þriðja stigi | Þau atrið sem tilgreind eru í „+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga“ hlutanum eins og nauðsynlegt er til að leysa úr tæknilegu vandamáli. Frekari upplýsingar er að finna í hlutanum „+Aðgangur Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta“ | Á því tímabili sem Pacesetter Inc. er útvistaður úrvinnsluaðili |
| Abbott Medical Costa Rica Abbott Coyol Free Zone, Bldg #44B Alajuela, Kosta Ríka | Tækniaðstoð á öðru og/eða þriðja stigi | Þau atrið sem tilgreind eru í „+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga“ hlutanum eins og nauðsynlegt er til að leysa úr tæknilegu vandamáli. Frekari upplýsingar er að finna í hlutanum „+Aðgangur Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta“ | Á því tímabili sem Pacesetter Inc. er útvistaður úrvinnsluaðili |
| St. Jude Medical, LLC, 1 St. Jude Medical Dr., St. Paul, MN 55117, Bandaríkin | Vísindarannsóknir og/eða klínískar rannsóknir | Persónuupplýsingar sem hefur verið safnað saman, eru ópersónugreinanlegar/hafa verið gerðar nafnlausar. Frekari upplýsingar eru í kaflanum „+Rannsóknir“ | Ótímabundið |

**(Yfir landamæri) Útvistun úrvinnslu persónuupplýsinga til þriðja aðila**

| | | | | | | Tilgangur |
|---|---|---|---|---|---|---|

| Viðtakendur | Útvistuð verkefni | Atriði persónuupplýsinga sem verða flutt | Lönd þangað sem persónuupplýsingar eru fluttar | Dagsetning/tímasetning flutnings | Flutningsaðferð | viðtakenda fyrir notkun og tímabil varðveislu/notkunar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Abbott Medical (Malasíu) Sdn. Bhd. At 35, 1st Floor, Jalan Kelisa Emas 1, Tama Kelisa Emas, 13700 Seberang Java, Penang, Malasíu | Tækniaðstoð á öðru og/eða þriðja stigi | Atriðin sem tilgreind eru í hlutanum „+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga“ eins og þörf krefur til að leysa úr tæknilega vandamálinu. Frekari upplýsingar er að finna í hlutanum „+Aðgangur Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta“ | Malasía | Eins og þörf er á til að leysa úr tæknilegu vandamáli | Öruggt VPN | Þar til útvistuðum verkefnum er lokið og samningur um útvistun hefur runnið út |
| Abbott Medical Sweden AB, Isafjordsgatan 15, 164 07 Kista, Svíþjóð (Business Office) Jarfalla, PO Box 7051, 164 07 Kista, Stockholm, Svíþjóð (Registered Office) | Tækniaðstoð á öðru og/eða þriðja stigi | Þau atrið sem tilgreind eru í „+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga“ hlutanum eins og nauðsynlegt er til að leysa úr tæknilegu vandamáli. Frekari upplýsingar er að finna í hlutanum „+Aðgangur Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta“ | Svíþjóð | Eins og þörf er á til að leysa úr tæknilegu vandamáli | Öruggt VPN | Þar til útvistuðum verkefnum er lokið og samningur um útvistun hefur runnið út |
| Abbott Medical Costa Rica Abbott Coyol Free Zone, Bldg #44B Kosta Ríka | Tækniaðstoð á öðru og/eða þriðja stigi | Þau atrið sem tilgreind eru í „+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga“ hlutanum eins og nauðsynlegt er til að leysa úr tæknilegu vandamáli. Frekari upplýsingar er að finna í hlutanum „+Aðgangur Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta“ | Kosta Ríka | Eins og þörf er á til að leysa úr tæknilegu vandamáli | Öruggt VPN | Þar til útvistuðum verkefnum er lokið og samningur um útvistun hefur runnið út |
| St. Jude Medical, LLC, 1 St. Jude Medical Dr., St. Paul, MN 55117, Bandaríkin | Vísindarannsóknir og/eða klínískar rannsóknir | Persónuupplýsingar sem hefur verið safnað saman, eru ópersónugreinanlegar/hafa verið gerðar nafnlausar. Frekari upplýsingar eru í kaflanum „+Rannsóknir“ | Bandaríkjunum | Eins og þörf krefur til vísindarannsókna og/eða klínískra rannsókna | Öruggt VPN | Ótímabundið |

**Við munum eyða persónuupplýsingum þínum eftir að varðveislutímabilinu lýkur eins og hér segir:**

Ferli við eyðingu: Við veljum persónuupplýsingar sem skal eyða og eyðum persónuupplýsingunum að fengnu samþykki gagnaverndarfulltrúa („DPO“).

Aðferð við eyðingu: Við eyðum persónuupplýsingum sem hafa verið skráðar og geymdar á sniði rafrænna skráa með tæknilegri aðferð (t.d. sniði á lægra stigi) og göngum úr skugga um að ekki sé hægt að endurgera skrárnar, á meðan persónuupplýsingar sem eru geymdar á pappírssniði verða tættar í sundur eða brenndar.

**Fulltrúi á staðnum**

Við höfum skipað fulltrúa á staðnum til að svara spurningum og kvörtunum er varða úrvinnslu persónuupplýsinga notenda í Kóreu. Notaðu eftirfarandi upplýsingar til að hafa samband við fulltrúa á staðnum:

- Fulltrúi á staðnum: Abbott Korea Ltd.
- Heimilisfang: Samtan Bldg., 5th Floor, 421 YoungDong-Daero, Kangnam-Ku, Seoul 135-846 Kórea

file:///C/Users/ramoscx30/Downloads/PN%20Full%20for%20Website_June%202023/PN%20Full%20for%20Website_June%202023/ICM_2.0_IS_PN_full.html[10/11/2023 1:23:48 PM]

- Netfang: privacy@abbott.com

**Viðbótarsamþykki fyrir söfnun, notkun og veitingu aðgangs að persónuupplýsingum í Suður-Kóreu**

1. Ég skil að Pacesetter, Inc. mun safna saman og nota persónuupplýsingar mínar eins og tilgreint er í hlutanum **+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga** samkvæmt þeim tilgangi sem tilgreindur er í hlutanum **+Notkun Abbott á persónuupplýsingum** í tímabil sem telst vera nauðsynlegt til að uppfylla slíkan tilgang, en þó ekki lengur en í 7 ár (nema að kveðið sé á um í lögum um lengra tímabil varðveislu og notkunar). Ég skil að ég fæ hvorki aðgang að forritinu né þjónustunni ef ég samþykki ekki úrvinnslu persónuupplýsinga minna eins og lýst er hér á undan.
2. Ég skil að Pacesetter, Inc. mun safna saman og nota viðkvæmar upplýsingar mínar er varða heilbrigði, kynþátt, lyf, innlagnir á sjúkrahús, greiningar, dagsetningar meðhöndlana og sendingar og hjartakvilla í þeim tilgangi er tilgreindur er í hlutanum **+Notkun Abbott á persónuupplýsingum** í tímabil sem telst vera nauðsynlegt til að uppfylla slíkan tilgang, en þó ekki lengur en í 7 ár (nema að kveðið sé á um í lögum um lengra tímabil varðveislu og notkunar). Ég skil að ég get hvorki fengið aðgang að forritinu né þjónustunni ef ég samþykki ekki úrvinnslu viðkvæmra upplýsinga minna eins og lýst er hér á undan.
3. Ég skil að Pacesetter, Inc. mun safna saman og nota persónuupplýsingar mínar eins og tilgreint er í hlutanum **+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga** í þeim tilgangi sem tilgreindur er í hlutanum **+Notkun Abbott á persónuupplýsingum** og ásamt töflunni hér á undan sem ber heitið „Útvegun persónuupplýsinga til þriðja aðila“. Ég skil að ég fæ hvorki aðgang að forritinu né þjónustunni ef ég samþykki ekki úrvinnslu persónuupplýsinga minna eins og lýst er hér á undan.
4. Ég skil að Pacesetter, Inc. mun safna saman og nota upplýsingar um tækið mitt og afköst tækisins og láta þriðja aðila í té persónuupplýsingar mínar eins og tilgreint er í töflunni hér á undan sem ber heitið „Útvegun persónuupplýsinga til þriðja aðila“. Ég skil að ég get hvorki fengið aðgang að forritinu né þjónustunni ef ég samþykki ekki úrvinnslu viðkvæmra upplýsinga minna eins og lýst er hér á undan.
5. Ég skil að Pacesetter, Inc. mun safna saman og nota viðkvæmar upplýsingar mínar er varða heilbrigði, kynþátt, lyf, innlagnir á sjúkrahús, greiningar, dagsetningar meðhöndlana og sendingar og hjartakvilla og láti þriðja aðila persónuupplýsingar mínar í hendur eins og tilgreint er í töflunni hér á undan sem ber heitið „Útvegun persónuupplýsinga til þriðja aðila“. Ég skil að ég get hvorki fengið aðgang að forritinu né þjónustunni ef ég samþykki ekki úrvinnslu viðkvæmra upplýsinga minna eins og lýst er hér á undan.

**<u>+Taívan</u>**

Við getum hugsanlega ekki veitt þér þjónustu eða veitt þér takmarkaða þjónustu ef þú veitir ekki samþykki þitt til að láta af hendi persónuupplýsingar þínar.

**<u>+Taíland</u>**

„**PDPA**“ vísar til gagnaverndarlaga B.E. 2562 (A.D. 2019), ásamt seinni tíma viðbótum og tengdum reglum, lögum, tilskipunum og skilyrðum stjórnvalda.
**Persónuvernd barna:** Heilbrigðisstofnun getur skráð börn á Merlin.net, að fengnu samþykki frá foreldri eða lögráðamanni barna sem eru 10 ára eða yngri og barna sem eru eldri en 10 ára en yngri en 20 ára, nema að umrætt barn sé gift lögum samkvæmt eða slíkt sé heimilt samkvæmt gildandi lögum verður bæði að fá samþykki barnsins og foreldris eða lögráðamanns barnsins.

**Flutningur yfir landamæri:** Abbott hefur gert ásættanlegar ráðstafanir til að gera viðeigandi samning um gagnaflutninga við heilbrigðisstofnun þína til að lögheimila útflutning persónuupplýsinga frá Taílandi samkvæmt gildandi gagnaverndarlögum.

**Réttindi þín:** Samkvæmt PDPA og gildissviði þess, hefur þú margvísleg réttindi hvað persónuupplýsingar þínar varðar, m.a. eftirfarandi: (i) biðja um aðgang að eða fá afrit af persónuupplýsingum sem geymdar eru um þig eða biðja um birtingu uppruna persónuupplýsinga þinna sem þú veittir ekki samþykki fyrir; (ii) fá persónuupplýsingar þínar afhentar á sniði sem er nothæft og læsilegt af sjálfvirkum verkfærum eða búnaði, ef slíkt á við, eða biðja um persónuupplýsingar þínar á sniði sem er hægt að flytja yfir til annars ábyrgðaraðila; (iii) til að andmæla vinnslu á persónuupplýsingum þínum; (iv) til að láta eyða eða auðkennisbrengla persónuupplýsingum þínum; (v) til að biðja um að úrvinnslu persónuupplýsinga þinna verði hætt; (vi) til að láta leiðrétta eða uppfæra ónákvæmar eða ófullnægjandi upplýsingar um þig; (vii) þegar úrvinnsla persónuupplýsinga þinna er háð samþykki á lagalegum grundvelli hefur þú rétt á að afturkalla samþykki þitt hvenær sem er; og (viii) til að leggja fram kvörtun hjá opinberum eftirlitsaðila með gagnaöryggi á hverjum stað, eða stofnun um vernd persónuupplýsinga, um hvernig unnið er úr persónuupplýsingum þínum.

Beiðni þín um að neyta réttar þíns varðandi persónuupplýsingar þínar sem lýst er hér á undan er háð takmörkunum og skilyrðum samkvæmt PDPA.

Við getum hugsanlega ekki veitt þér þjónustu okkar eða staðið við skuldbindingar okkar samkvæmt samningnum okkar á milli ef þú lætur okkur ekki af hendi persónuupplýsingar þínar.

**Hafa samband:** Notaðu tengiliðaupplýsingarnar hér á undan til að hafa samband við okkur með fyrirspurnir eða spurningar varðandi þessa persónuverndaryfirlýsingu eða ef þú vilt neyta réttar þíns í tengslum við persónuupplýsingar þínar. Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúann okkar og fulltrúa á staðnum á privacy@abbott.com.

**<u>+Úkraína</u>**

Þú þarft að veita samþykki þitt fyrir því að Abbott vinni úr persónuupplýsingunum þínum nema þegar við gerum það til að fara að lagaskyldu eins og lýst er í **+Lækningatæki og önnur lagaleg skilyrði**. Með því að samþykkja skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar telstu hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingunum þínum eins og lýst er hér. Ef þú vilt að **upplýsingum um þig verði eytt af Merlin.net** geturðu haft samband við heilbrigðisstofnunina. Hafðu í huga að ef þú biður heilbrigðisstofnunina að eyða upplýsingunum þínum af Merlin.net höldum við eftir uppsöfnuðum og ópersónugreinanlegum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um.

file:///C/Users/ramoscx30/Downloads/PN%20Full%20for%20Website_June%202023/PN%20Full%20for%20Website_June%202023/ICM_2.0_IS_PN_full.html[10/11/2023 1:23:48 PM]

**+Bretland**

Fulltrúi okkar á staðnum er Abbott Medical U.K. Limited, Elder, Central Boulevard, Blythe Valley Park, Solihull, B90 8AJ, Bretland.

**+Bandaríkin**

Abbott starfar sem viðskiptafélagi fyrir heilbrigðisstofnunina þína í þeim tilgangi að gera þetta forrit aðgengilegt fyrir þig í samræmi við lögin „Health Insurance Portability and Accountability Act“ og framkvæmdarreglugerðir þeirra (einu nafni „**HIPAA**“). Þar af leiðandi heyra persónuupplýsingar, þ.m.t. heilsufarstengdar upplýsingar, sem safnað er í gegnum þetta forrit, undir HIPAA og við munum hugsanlega nota og birta persónuupplýsingar þínar í samræmi við skyldur okkar sem viðskiptafélaga og eins og lýst er í þessari persónuverndar- og samþykkisyfirlýsingu.

**+Kalifornía**

Samkvæmt kafla 1798.83 í lögum um borgaraleg réttindi í Kaliforníu er íbúum Kaliforníuríkis heimilt að óska eftir því við tiltekin fyrirtæki sem íbúi Kaliforníuríkis hefur stofnað til viðskiptatengsla við að fá lista yfir alla þriðju aðila sem fyrirtækið hefur, á undangengnu almanaksári, veitt tilteknar persónugreinanlegar upplýsingar í beinum markaðssetningartilgangi. Abbott ber að svara beiðnum viðskiptavina aðeins einu sinni á hverju almanaksári. Ef þú vilt leggja fram slíka beiðni skaltu senda bréf til persónuverndarfulltrúa, stílað á Privacy Officer, Abbott, One St. Jude Medical Drive, St. Paul, MN 55117. Í beiðninni skaltu staðfesta að þú sért íbúi í Kaliforníu og gefa upp núverandi heimilisfang til að við getum svarað þér. Hafðu í huga að ekki öll upplýsingamiðlun fellur undir skilyrði um persónuvernd í Kaliforníu og að aðeins sú miðlun upplýsinga sem fellur undir slík skilyrði verður tilgreind í svari okkar.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um fylgni Abbott við lögin „California Consumer Privacy Act“ (CCPA) og réttindi þín samkvæmt CCPA skaltu fara á https://www.abbott.com/privacy-policy.html.

**+Víetnam**

Með því að viðurkenna eða samþykkja þessa persónuverndaryfirlýsingu telst þér hafa verið tilkynnt efni hennar og þú hafa veitt skýrt samþykki fyrir því. Fyrir notendur undir 7 ára aldri verður foreldri eða forráðamaður að veita samþykki. Fyrir notendur frá 7 til 15 ára aldurs verður bæði notandi og foreldri eða forráðamaður hans að veita samþykki.

Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með samband haft við heilbrigðisstarfsmanninn. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Ef þú dregur samþykki þitt til baka mun Abbott geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenglaðar upplýsingar og gæti þurft að geyma tilteknar persónuupplýsingar eins og lög kveða á um.